



## **BA í lögfræði**

### **Sáttamiðlun**

Yfirlit yfir stöðu úrræðisins hérlendis í alþjóðlegum samanburði og tækifæri til sóknar

**Mái, 2021**

**Nafn nemanda:** Fannar Rafn Gíslason

**Kennitala:** 110596 – 3089

**Leiðbeinandi:** Lilja Bjarnadóttir

## Útdráttur

*Sáttamiðlun: Yfirlit yfir stöðu úrræðisins hérlendis í alþjóðlegum samanburði og tækifæri til sóknar.*

Sáttamiðlun hefur verið markaður farvegur víða um heim. Hagkvæmar og skjótvirkar lausnir við úrlausn ágreiningsmála falla vel að nútímasamfélagi þar sem tími er metinn til verðmætis, en styttri málsmeðferðartími, lægri málskostnaður og áhersla á farsælt samband deiluaðila að ágreiningi loknum eru meðal ástæðna þess að margir kjósa sáttamiðlunarleiðina í stað hinnar hefðbundnu dómstólaleiðar. Fjölmörg ríki og alþjóðastofnanir hafa tekið sáttamiðlun upp á sína arma, og hefur Evrópusambandið beitt sér fyrir aukinni notkun úrræðisins innan aðildarríkja sinna.

Umfjöllunarefni ritgerðar þessarar er sáttamiðlun sem leið til lausnar ágreiningi milli deiluaðila. Er markmiðið að varpa ljósi á vægi úrræðisins í lögum og réttarframkvæmd hérlendis í alþjóðlegum samanburði, og jafnframt að kynna úrræðið sem skynsaman og raunhæfan valkost við úrlausn ágreiningsmála innan íslenskrar stjórnslu og réttarkerfis.

Í fyrsta kafla er fjallað um meginsjónarmið og hugmyndafræði sáttamiðlunar, sem og kosti úrræðisins og ókosti í samanburði við önnur réttarúrræði. Þróun og innleiðingu sáttamiðlunar á alþjóðavettvangi er gerð skil í öðrum kafla þar sem norrænum rétti er sérstakur gaumur gefinn. Í köflum þrjú og fjögur er leitast við að skýra vægi sáttamiðlunar við meðferð einkamála og sakamála hérlendis, og í kafla fimm eru sáttaákvæði í íslenskri löggjöf kortlögð, auk þess sem kynntar eru hugmyndir að réttarbótum og frekari innleiðingu sáttamiðlunar.

Af rannsóknarvinnu höfundar verður sú ályktun dregin að þróun sáttamiðlunar sé skammt á veg komin hérlendis í alþjóðlegum samanburði sem meðal annars megja rekja til vanþekkingar og stefnuleysis. Þótt úrræðið hafi lagastoð í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru ákvæðin vannýtt í framkvæmd, jafnframt sem fátíð eru sáttaákvæði í öðrum lagabálkum. Er því þörf á skýrri stefnumótun stjórnvalda og markvissari innleiðingu sáttamiðlunar. Yrði útkoman þroskaðra réttarkerfi í takti við alþjóðlega þróun sem leiða myndi til samfélagslegs- og fjárhagslegs ávinnings.

## **Abstract**

*Mediation: A summary of the remedy in Iceland in international comparison and opportunities for action.*

Mediation is increasingly being looked at around the world. Cost-effective and quick-to-resolve dispute resolutions are well suited to a modern society where time is valued, but faster outcome, reduced costs and preservation of relationships are among the reasons why many choose mediation instead of litigation. Many countries and international organizations have adopted the use of mediation, and the European Union has called for greater use of the remedy within its member states.

The topic of this thesis is mediation as a way of resolving disputes. The aim is to shed light on the weight of the remedy in law and legal practice in Iceland in international comparison, and also to present the remedy as a sensible and realistic option for resolving disputes within the Icelandic administration and legal system.

The first chapter is about the main principles and ideology of mediation, as well as the advantages and disadvantages of the remedy compared to other legal remedies. The development and implementation of mediation in international fora is described in the second chapter, which pays special attention to Nordic law. Chapters three and four seek to explain the weight of mediation in civil and criminal cases in Iceland, and in chapter five the current conciliation provisions in Icelandic legislation will be examined. In addition, ideas for legal redress and further implementation of mediation will be presented.

The research reveals that the development of mediation in Iceland is at an early stage in international comparison, which can be traced, among other things, to ignorance and lack of direction. Although mediation has legal basis in civil procedure law no. 91/1991 and criminal procedure law no. 88/2008, the provisions are underutilized in practice, at the same time as conciliation provisions are rarely included in other sections of the law. There is therefore a need for a clear government policy and a systematic implementation of mediation. The result would be a mature legal system in accordance with international developments that would lead to social and economic gain.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu frá lagadeild Háskólans í Reykjavík. Er hún skrifuð undir handleiðslu Lilju Bjarnadóttur, sáttamiðlara og formanns Sáttar, félags um sáttamiðlun á Íslandi. Henni vil ég þakka fyrir góðar leiðbeiningar, ógrynni af fróðleik og það aðhald sem hún veitti mér meðan á skrifunum stóð. Aukinheldur vil ég sérstaklega þakka Svavari Pálssyni, sýslumanni á Norðurlandi eystra, fyrir ábendinguna um viðfangsefni ritgerðarinnar, og jafnframt fyrir þau gögn og upplýsingar sem hann lét mér í té við skrifin.

*Fannar Rafn Gíslason*

*24. maí 2021*

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
1.1	Hvað er sáttamiðlun? .....	2
1.2	Hvernig fer sáttamiðlun fram? .....	3
1.3	Kostir og ókostir sáttamiðlunar .....	4
1.3.1	Kostir sáttamiðlunar .....	4
1.3.2	Ókostir sáttamiðlunar .....	6
<b>2</b>	<b>Sáttamiðlun á alþjóðavettvangi</b> .....	<b>7</b>
2.1	Sáttamiðlun í norrænum rétti.....	9
2.1.1	Sáttamiðlun í Noregi.....	10
2.1.2	Sáttamiðlun í Svíþjóð .....	13
2.1.3	Sáttamiðlun í Finnlandi .....	14
2.1.4	Sáttamiðlun í Danmörku.....	15
<b>3</b>	<b>Sáttamiðlun í einkamálum</b> .....	<b>17</b>
3.1	Lagastoð fyrir beitingu sáttamiðlunar í einkamálum.....	18
3.2	Sáttamiðlun í einkamálum á Íslandi.....	19
3.2.1	Sáttamiðlun í höndum sýslumanna.....	19
3.2.2	Tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2007.....	19
3.2.3	Tilraunaverkefni um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum .....	20
3.3	Er sáttamiðlun vannýtt úrræði í einkamálum?.....	21
3.3.1	Hví er sáttamiðlun ekki beitt í fleiri einkamálum? .....	22
<b>4</b>	<b>Sáttamiðlun í sakamálum</b> .....	<b>23</b>
4.1	Lagastoð fyrir beitingu sáttamiðlunar í sakamálum .....	24
4.2	Sáttamiðlun í sakamálum á Íslandi .....	25
4.2.1	Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum .....	25
4.2.2	Fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 2/2021 .....	26
4.2.3	Tillögur til aðgerða sem stytta eiga boðunarlista til afplánunar refsinga .....	27
4.3	Er sáttamiðlun vannýtt úrræði í sakamálum? .....	27
4.3.1	Hví er sáttamiðlun ekki beitt í fleiri sakamálum? .....	28
<b>5</b>	<b>Sáttaákvæði í íslenskri löggjöf</b> .....	<b>29</b>
5.1	Opinber réttur .....	30
5.2	Tækifæri til innleiðingar sáttamiðlunar á sviði opinbers réttar .....	30
5.3	Einkaréttur .....	32
5.3.1	Barnalög nr. 76/2003 .....	32
5.3.2	Hjúskaparlög nr. 31/1993 .....	34
5.3.3	Höfundalög nr. 73/1972.....	34
5.3.4	Lög nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála .....	35
5.3.5	Lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl. og landskiptalög nr. 46/1941 .....	36
5.3.6	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.) .....	36
5.3.7	Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum .....	38
5.3.8	Aðrir lagabálkar.....	38
5.4	Tækifæri til innleiðingar sáttamiðlunar á sviði einkaréttar .....	39
5.5	Næstu skref.....	39
<b>6</b>	<b>Niðurstöður</b> .....	<b>40</b>
	<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>43</b>

## **Lagaskrá**

### **Íslensk lög**

Barnalög nr. 76/2003

Hjúskaparlög nr. 31/1993

Höfundalög nr. 73/1972

Landskiptalög nr. 46/1941

Lög um dómstóla nr. 50/2016

Lög nr. 28/1981 um breytingu á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála

Lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda

Lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála

Lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála

Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála

Lög nr. 151/2020 um stjórnarsýslu jafnréttismála

Lög nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála

### **Dönsk lög**

Lov nr. 467 af 12.06.2009 om konfliktråd i anledning af en strafbar handling

Lovbekendtgørelse nr. 1445 af 29.09.2020 Retsplejeloven

### **Finnsk lög**

394/2011 Laki riita-asioiden sovittelusta ja sovinnon vahvistamisesta yleisissä tuomioistuimissa

1015/2005 Laki rikosasioiden ja eräiden riita-asioiden sovittelusta

## **Norsk lög**

Lov om konfliktrådsbehandling (konfliktrådsloven) nr. 2014-06-20-49

Lov om mekling og rettergang i sivile tvister (tvisteloven) nr. 2005-06-17-90

## **Sænsk lög**

Lag (2011:860) om medling i vissa privaträttsliga tvister

Lag (2002:445) om medling med anledning av brott

## **Stjórnvaldsfyrirmæli**

Auglýsing um birtingu á reglum frá 14. febrúar 2013 um ráðgjöf og sáttameðferð samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 nr. 570/2020

Fyrirmæli ríkissaksóknara um sáttamiðlun nr. 8/2017

Fyrirmæli ríkissaksóknara um sáttamiðlun nr. 2/2021

Tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2007 um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum

## **Evrópuréttur**

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/52/EC um sáttamiðlun í ágreiningsmálum á sviði einkaréttar og viðskipta frá 21. maí 2008

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/11/EU um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB frá 21. maí 2013

## **Alþjóðasáttmálar**

United Nations Convention on International Settlement Agreements Resulting from Mediation (samþykktur 20. desember 2018) CN 154.2019-XXII.4

## **Lögskýringargögn**

Alþt. 1964-1965, A-deild, þskj. 29 - 28. mál

Alþt. 1991-1992, A-deild, þskj. 72 - 71 . mál

Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 369 - 273. mál

Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál.

Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 1153 - 233. mál

Alþt. 2011-2012, A-deild, þskj. 1427 - 290. mál

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1017 - 615. mál

Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1062 - 649. mál

Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 15 - 15. mál

## **Frumvarpsdrög**

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum (skráningarskylda, langtímaleiga og hækkun leigufjárhæðar) nr. 52/2020

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.) nr. 91/2021



# 1 Inngangur

Rætur sáttamiðlunar liggja djúpt í norrænum rétti. Á miðöldum var meðferð mála er vörðuðu lagaleg, stjórnarfarsleg og ýmis sameiginleg málefni í höndum þjóð- og héraðsþinga víðast hvar á Norðurlöndunum, og önnuðust þau alla meðferð einkamála, sakamála, og deilumála um eignarhald á jörðum svo að dæmi séu nefnd. Byggðist ákvarðanataka á samningaviðræðum, málamiðlunum og samkomulagi þeirra sem hlut áttu að máli þar sem takmarkaðri lagasetningu var fyrir að fara.<sup>1</sup> Þá hefur verið á það bent að lagaheimildir sem og samfélagslegir hvatar til sáttu hafi verið til staðar í íslenskum rétti frá upphafi, en því til stuðnings má vísa til þess að lögbækurnar Grágás, Jónsbók og Járnsíða höfðu allar að geyma ákvæði um sáttameðferð og sáttagjörðir.<sup>2</sup> Eru þá ónefndar hinar svokölluðu sáttanefndir sem starfræktar voru héraðs og langa hríð, en með þeim var skapaður heppilegur og einfaldur vettvangur fyrir friðsamlega úrlausn mála í stað langvinnra og kostnaðarsamra réttarhalda með tilheyrandi ferðalögum yfir stjálbyggt og hrjúft landið.<sup>3</sup>

Á undanförunum áratugum hafa valkvæðar aðferðir til lausnar ágreiningi (e. *alternative dispute resolution*, eða *ADR*) rutt sér til rúms á alþjóðavísu, og gildir þá einu hvort horft sé til einstaka ríkja, alþjóðastofnana eða Evrópusambandsins. Segja má að slíkar aðferðir eigi margt sammerkt með hinni fornu löggjafarhugsun og byggi á álíka sjónarmiðum. Nær hugtakið yfir hvers konar aðferðir við lausn ágreiningsmála án aðkomu dómstóla, til að mynda aðferðir á borð við gerðardóm, sáttamiðlun, réttarsáttir, og sáttu- og sérfræðimeðferðir.<sup>4</sup> Er því um að ræða ólíkar aðferðir sem beitt er utan réttar, en einnig að takmörkuðu leyti fyrir dómi.<sup>5</sup> Ástæður þess að almenningur kýs í auknum mæli að leysa úr ágreiningsmálum með slíkum aðferðum eru meðal annars að í samanburði við hina hefðbundnu dómsmeðferð er málsmeðferðin gjarnan styttri og ódýrari, auk þess sem ferlið fer fram í trúnaði og er líklegra til þess að viðhalda sambandi deiluaðila að þrætumálinu loknu.<sup>6</sup>

---

<sup>1</sup> Kaijus Ervasti, „Past, Present and Future of Mediation in Nordic Countries“ í Anna Nylund, Kaijus Ervasti og Lin Adrian (ritstj.), *Nordic Mediation Research* (Springer International Publishing 2018) 226 <[https://doi.org/10.1007/978-3-319-73019-6\\_12](https://doi.org/10.1007/978-3-319-73019-6_12)>.

<sup>2</sup> Svavar Pálsson, *Sáttamiðlun: Hvað getum við lært af öðrum þjóðum?* (Sátt, félag um sáttamiðlun 2020) 13.

<sup>3</sup> Páll Sigurðsson, „Sáttanefndir - aflagt réttarfarsúrræði“, *Lagaþankar* (Lagastofnun Háskóla Íslands 2016) 90.

<sup>4</sup> „Alternative Dispute Resolution“ (*LII / Legal Information Institute*)

<[https://www.law.cornell.edu/wex/alternative\\_dispute\\_resolution](https://www.law.cornell.edu/wex/alternative_dispute_resolution)> skoðað 2. febrúar 2021.

<sup>5</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 5–6.

<sup>6</sup> Justice Committee, „I won't see you in court: alternative dispute resolution in Scotland“ (The Scottish Parliament 10. janúar 2018) 4.

Verður hér kastljósinu beint að sáttamiðlun (e. *mediation*) sem er ein þessara aðferða.<sup>7</sup> Er markmið skrifanna í fyrsta lagi að gera grein fyrir stöðu sáttamiðlunar hérlendis í alþjóðlegum samanburði, og þá hvort við stöndum þeim ríkjum aftar sem við kjósum að bera okkur saman við hvað notkun úrræðisins varðar. Í því skyni verður leitast við að kortleggja þau ákvæði íslenskra laga sem ráðgera notkun sáttamiðlunar við úrlausn ágreiningsmála, auk þess sem litið verður til annarra ríkja þar sem sáttamiðlun hefur skotið niður rótum. Í umfjöllun þeirri verður norrænum rétti þó sérstakur gaumur gefinn í ljósi sterkra tengsla við íslenskan rétt. Í öðru lagi er markmiðið að leiða fram hugmyndir að úrbótum í því skyni að auka vægi sáttamiðlunar innan íslenskrar stjórnýslu og réttarkerfis, sem og utan réttar.

## 1.1 Hvað er sáttamiðlun?

Sáttamiðlun telst hvorki til hefðbundinnar lögfræðilegrar fræðigreinar né aðferðar, heldur er sáttamiðlun aðferð sem nýtist við úrlausn lögfræðilegs ágreinings í ólíkum myndum, sem og ágreinings sem ekki er lögfræðilegs eðlis. Ýmsar skilgreiningar eru til á hugtakinu sáttamiðlun sem ýmist eru einfaldar og skýrar, en aðrar nákvæmari og flóknari.<sup>8</sup> Á vef Sáttar, félags um sáttamiðlun, er sáttamiðlun skilgreind með eftirfarandi hætti:

Sáttamiðlun er aðferð til lausnar ágreinings, þar sem tveir eða fleiri aðilar taka sjálfviljugir þátt. Samtalið er ávallt í trúnaði. Með aðstoð óháðs og hlutlauss sáttamiðlara komast aðilar sjálfir að samkomulagi um lausn ágreiningsins, sem þeir meta viðunandi fyrir alla aðila, í gegnum skipulagt og mótað ferli.<sup>9</sup>

Sáttamiðlun byggir á hugmyndafræði um lýðræðislega ákvarðanatöku.<sup>10</sup> Í því ljósi er samþykki deiluaðila forsenda fyrir því að ágreiningsefni þeirra fari í sáttamiðlun,<sup>11</sup> og er þeim frjálst að slíta viðræðum á hvaða tímapunkti sem er. Lögð er áhersla á að lausn deilunnar sé sett í forgang og að deiluaðilar spili sjálfir stærsta hlutverkið, ólíkt hefðbundnum dómsmálum.<sup>12</sup>

---

<sup>7</sup> Taka má fram að hérlendis er eigi fyrir að fara samræmdri hugtakanotkun í lagabálkum og lagalegri umræðu og er því auk hugtaksins sáttamiðlun notast við hugtök á borð við sáttameðferð og sáttaumleitan. Er merking hugtaka þessara hin sama, og ganga þau gjarnan undir yfirheitinu sáttákvæði.

<sup>8</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 5–6.

<sup>9</sup> „Sáttamiðlun“ (*Sátt*) <<https://www.satt.is/sattamidlun>> skoðað 1. febrúar 2021.

<sup>10</sup> James J Alfini o.fl., *Mediation Theory and Practice* (2. útg., LexisNexis 2006) 1.

<sup>11</sup> Francisco Orrego Vicuña, „Mediation“ (*Oxford Public International Law*)

<<https://opil.ouplaw.com/view/10.1093/law:epil/9780199231690/law-9780199231690-e61?prd=MPIL>> skoðað 23. febrúar 2021, kafli A.

<sup>12</sup> „Sáttamiðlun“ (n. 9).

Getur sáttamiðlun nýst á hinum ýmsu sviðum, hvort sem ágreiningur er á upphafsstigum, eða hann hefur ratað í farveg einkamáls fyrir dómstólum. Er úrræðið notað í auknum mæli af fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum en þá getur til dæmis verið um að ræða deilu á milli fyrirtækja, vinnuveitanda og starfsmanns, nágranna eða innan fjölskyldna.<sup>13</sup> Þá getur sáttamiðlun verið góður kostur við meðferð sakamála, en þá sérstaklega vegna brota ungra afbrotamanna. Aukinheldur má nefna að á alþjóðavettvangi hafa tengd hugtök á borð við vinsamlega íhlutun (e. *good offices* og *friendly interference*) haslað sér völl.<sup>14</sup> Er þar einkum vísað til friðsamlegra sáttumleitana í milliríkjadeilum þar sem utanaðkomandi milligöngumaður hefur aðkomu, en markmið slíkra aðgerða er að stuðla að sáttavilja á milli ríkja án beinnar íhlutunar.<sup>15</sup>

## 1.2 Hvernig fer sáttamiðlun fram?

Til eru mismunandi aðferðir við notkun sáttamiðlunar sem leggja mismikla áherslu á ákveðin atriði innan ferlisins.<sup>16</sup> Samkvæmt þeirri aðferð sem helst er notast við héraðs hefst ferlið á því að aðilar sammælast um að leysa ágreining sinn með hjálp sáttamiðlunar,<sup>17</sup> en almennt er gengið út frá því að samþykki beggja aðila sé forsenda sáttamiðlunar. Þó má finna dæmi um skyldubundna sáttameðferð, svo sem síðar greinir í kafla 5.3. Í kjölfarið hittast aðilar á yfirleitt á hlutlausum stað ásamt sáttamiðlara, þar sem þeir koma að sínum sjónarmiðum og útskýra upplifun sína af vandanum eða deilunni. Byggt á samræðum aðilanna eru möguleikar að lausn settir upp, og að lokum er komist að samkomulagi í sameiningu.<sup>18</sup>

Sáttamiðlari hefur mikilvægu hlutverki að gegna í sáttamiðlunarferlinu, en líkt og áður segir er það hugtaksskilyrði að sáttamiðlari sé óháður og hlutlaus í störfum sínum. Ef um er að ræða hefðbunda, ferlismiðaða sáttamiðlun er það eigi hlutverk sáttamiðlara að leysa deiluna né gefa ráð.<sup>19</sup> Heldur er það ekki í hans höndum að kveða á um skilmála samnings og ekki hefur hann völd til þess að koma á bindandi ákvörðun í millum aðila.<sup>20</sup> Þess í stað aðstoðar sáttamiðlari aðilana við að skilja stöðu sína, þarfir og sameiginlega hagsmuni. Sér hann til þess

---

<sup>13</sup> sama heimild.

<sup>14</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 6.

<sup>15</sup> Elizabeth A Martin og Jonathan Law, *A Dictionary of Law* (Oxford University Press 2002) 311.

<sup>16</sup> Eva Margrét Kristinsdóttir, „Betri er mögur sátt en feitur dómur, sáttamiðlun til lausnar ágreiningi“ (ML ritgerð, Háskólinn í Reykjavík 2012) 20

<[https://skemman.is/bitstream/1946/12382/1/Betri\\_er\\_mogur\\_satt\\_en\\_feitur\\_domur\\_sattamidlun\\_til\\_lausnar\\_ag\\_reiningi.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/12382/1/Betri_er_mogur_satt_en_feitur_domur_sattamidlun_til_lausnar_ag_reiningi.pdf)> skoðað 17. febrúar 2021.

<sup>17</sup> „Sáttamiðlun“ (n. 9).

<sup>18</sup> sama heimild.

<sup>19</sup> Einnig er til svokölluð ráðgefandi sáttamiðlun, þar sem sáttamiðlari, oft byggt á sérþekkingu sinni, ráðleggur aðilum um hvernig best sé að leysa deiluna, án þess þó að hafa ákvörðunarvald.

<sup>20</sup> Alfíni o.fl. (n. 10) 1.

að hlustað sé á báða aðila og sjónarmið þeirra komi fram. Með þessu er að því stefnt að aðilar komist að sameiginlegri niðurstöðu og samkomulagi, án beinnar íhlutunar sáttamiðlara. Eiga því aðilarnir sjálfir samtalið og lausnina.<sup>21</sup>

### 1.3 Kostir og ókostir sáttamiðlunar

Áður en formlegt sáttamiðlunarferli hefst er mikilvægt að sáttamiðlari og deiluaðilar leggi mat á það hvort sáttamiðlun henti þeirri deilu sem um ræðir. Er ástæðan sú að sáttamiðlun hentar ekki öllum deilum, né öllum deiluaðilum. Er því nauðsynlegt að vega og meta kosti sáttamiðlunar umfram önnur úrræði, svo sem hina hefðbundnu dómstólaleið eða gerðardóm, því í sumum tilfellum getur það reynst vænlegri kostur að fara með ágreining í þann farveg.<sup>22</sup>

#### 1.3.1 Kostir sáttamiðlunar

Óhætt er að segja að helstu hvatar að beitingu sáttamiðlunar byggji á þeim ávinningi sem úrræðinu fylgir.<sup>23</sup> Verður hér í stuttu máli gerð grein fyrir fáeinum kostum sáttamiðlunar sem nefndir hafa verið í samanburði við önnur úrræði.

Í fyrsta lagi má nefna það grundvallaratriði að forræði og eignarhald á niðurstöðu sáttamiðlunar er í höndum aðilanna sjálfra, í stað hefðbundins framsals á forræði máls til lögmanna eða annarra málsvara, en einnig úrskurðaraðila eða gerðardóms.<sup>24</sup> Þýr þar að baki sú hugmyndafræði að aðilarnir séu sjálfir sérfræðingar í sinni deilu, og séu því best fallnir til þess að komast að niðurstöðu sem báðir aðilar geta unað við.<sup>25</sup> Þó geta lögfræðingar aðilanna veitt ráð á meðan á sáttamiðlun stendur, ef svo ber undir.<sup>26</sup>

Í annan stað veitir sáttamiðlun ákveðið frelsi við lausn ágreinings þar sem aðilar eru ekki bundnir sömu málsmeðferðarreglum og gilda fyrir dómstólum.<sup>27</sup> Sé mál til dæmis rekið sem einkamál fyrir dómi gilda almennar reglur um meðferð einkamála. Meginreglan um afdráttarlausu meðferð máls, eða útilokunarreglan, er þar tvímælalaust ein mikilvægasta grundvallarreglan, og gætir áhrifa hennar víða í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála (hér eftir eml.), samanber 1. mgr. 80. gr., 29. gr., 2. mgr. 99. gr. og 95. gr. laganna. Samkvæmt henni þurfa aðilar máls að hafa uppi kröfur sínar, lýsingu á atvikum máls og röksemdum sínum,

---

<sup>21</sup> „Sáttamiðlun“ (n. 9).

<sup>22</sup> Eva Margrét Kristinsdóttir (n. 16) 77.

<sup>23</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 9.

<sup>24</sup> sama heimild 9–10.

<sup>25</sup> Umboðsmaður borgarbúa, „Skýrsla umboðsmanns borgarbúa um fýsileika þess að innleiða sáttamiðlun sem meginreglu við úrlausn ágreiningsmála hjá Reykjavíkurborg“ (Umboðsmaður borgarbúa 5. apríl 2021) 4.

<sup>26</sup> „Sáttamiðlun“ (n. 9).

<sup>27</sup> sama heimild.

mótmæli gegn kröfum, rökum og yfirlýsingum gagnaðila jafnharðan og efni eru til. Að öðrum kosti komist slík atriði ekki að.<sup>28</sup> Er því málinu markaður ákveðinn farvegur strax í upphafi, og er aðilum málsins þröngur stakkur sniðinn vilji þeir víkja frá honum. Í sáttamiðlun gilda aftur á móti engar slíkar reglur. Gefst aðilum því kostur á að vera frjóir í hugsun varðandi úrlausn deilu sinnar, og geta þeir rætt á frjálslegri hátt saman en kostur er á fyrir dómi.<sup>29</sup>

Í þriðja lagi er kostnaður málsaðila vegna sáttamiðlunar mun lægri en vegna hefðbundinnar dómsmeðferðar og hentar úrræðið því sérstaklega vel þegar kostnaðarlega óhagkvæmt er að bera deiluefni undir dómstóla.<sup>30</sup> Þá hefur það sýnt sig að með ríkari notkun sáttamiðlunar megi spara ríkissjóði umtalsverð útgjöld.<sup>31</sup> Má til dæmis nefna að heildarrekstrarkostnaður Héraðsdóms Reykjavíkur árið 2018 var 915.785.345 kr. Miðað við forsendur og rekstrarkostnað hefur verið áætlað að kostnaður við dómsmál það ár hafi að meðaltali verið 485.004 kr.,<sup>32</sup> og er þá ótalinn kostnaður málsaðilanna sjálfra. Aukinheldur er sáttamiðlunarferli að jafnaði mun fljótlegra en hin hefðbundna stjórnvalds- eða dómsmeðferð, en í sumum tilfellum er hægt að ná sátt á einungis einum degi.<sup>33</sup> Til samanburðar var meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála að jafnaði 356 dagar á árinu 2019, og málsmeðferðartími ákærumála að meðaltali 105 dagar.<sup>34</sup> Leiðir af eðli máls að með slíkum tímasparnaði sparast jafnframt mikið fjármagn, og má jafnframt benda á þá staðreynd að stærstur hluti þeirra mála sem sæta sáttamiðlun lýkur bæði hratt og vel.<sup>35</sup>

Í fjórða lagi er mikil áhersla á það lögð að viðhalda góðu sambandi milli aðila, hvort sem um er að ræða viðskiptasambönd, fjölskyldusambönd eða vinasambönd. Hentar því úrræðið vel í þeim deilum þar sem aðilar munu koma til með að eiga áframhaldandi samskipti, en sátt um niðurstöðu gerir aðilum fremur fært að starfa áfram að sameiginlegum hagsmunum að þrætuefninu gengnu.<sup>36</sup> Má þess geta að Alþjóðahugverkastofnunin (e. *World Intellectual Property Organization*) segir sáttamiðlun vera skilvirka og hagkvæma leið til þess að ná sáttum, sem jafnframt varðveiti, og í sumum tilfellum eflir sambönd á milli deiluaðila.<sup>37</sup> Einnig fer samtalið ávallt fram í fullum trúnaði, og eru hvorki niðurstaða sáttamiðlunar né framlögð

<sup>28</sup> Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir, *Einkamálaréttarfar* (4. útg., Úlfjótur 2019) 19.

<sup>29</sup> Eva Margrét Kristinsdóttir (n. 16) 78.

<sup>30</sup> Ingi Poulsen, „Sáttamiðlun – vannýtt verkfæri lögmanna?“ (2021) 27 (1) *Lögmannablaðið* 22, 24.

<sup>31</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 10.

<sup>32</sup> Dr. jur. Páll Hreinsson, *Skýrsla um sjálfstæðar stjórnvísunefndir* (Forsætisráðuneyti 2019), viðauki 3.

<sup>33</sup> Eva Margrét Kristinsdóttir (n. 16) 80.

<sup>34</sup> Dómstólasýslan, „Ársskýrsla 2019“ (Dómstólasýslan 2020) 26–7.

<sup>35</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 10.

<sup>36</sup> Símon Sigvaldason, „Sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum“ (2007) 13 (4) *Lögmannablaðið* 20, 20.

<sup>37</sup> „What Is Mediation?“ (*WIPO - World Intellectual Property Organization*)

<<https://www.wipo.int/amc/en/mediation/what-mediation.html>> skoðað 21. febrúar 2021.

gögn gerð opinber. Getur sáttamiðlun því verið sérstaklega vænlegur kostur fyrir deiluaðila úr viðskiptalífínu sem hafa gjarnan hagsmuni af því að deilumál komi ekki fram í kastljósið.<sup>38</sup>

Að lokum má nefna að í sáttamiðlun er lögð á það rík áhersla að báðir aðilar gangi út sem sigurvegarar. Er því enginn sem tapar málinu líkt og verða vill í hefðbundnu dómsmáli þar sem hlutverk dómara er að dæma eftir gildandi lögum og sönnunargögnum í málinu, en ekki að kappkosta við að báðir aðilar gangi sáttir frá deilunni.<sup>39</sup> Er auðvelt að færa rök fyrir þeim samfélagslega ávinningi sem felst í því að báðir aðilar gangi sáttir frá borði, samanber hið gamla máltæki „betri er mögur sátt en feitur dómur.“

Verður ekki annað sagt en að kostir sáttamiðlunar séu fjölmargir, hvort sem horft er til fjárhagslegs- eða samfélagslegs ábata. Þess ber að geta að gagnsemi úrræðisins í sakamálum verður gerð skil í kafla 4.

### 1.3.2 Ókostir sáttamiðlunar

Líkt og kveðið er á um hér að ofan er það mikilvægt fyrir deiluaðila að vera meðvitaðir um ókosti sáttamiðlunar við mat á því hvort vænlegt sé að fara með ágreining í sáttamiðlunarferli. Af þeim ókostum sáttamiðlunar sem nefndir hafa verið má nefna að niðurstaða þess hvort samkomulag náist á milli deiluaðila er háð sáttavilja þeirra sjálfra og aðstæðum hverju sinni. Er það ólíkt dómstólaleiðinni þar sem niðurstaða fæst í öll þau mál þar sem dómari kemst að efnislegri niðurstöðu.<sup>40</sup> Á grundvelli reglunnar um *res judicata* er þá dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila, sbr. 116. gr. eml. og hliðstæð regla í 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála (hér eftir sml.).

Telja verður það til ókosts að hér á landi er ekki fyrir að fara formlegum úrræðum til þess að krefjast eftirfylgni á sátt úr sáttamiðlun, sérstaklega ef traust á milli deiluaðila er lítið. Ef þeir sjá sér hins vegar báðir hag af því að samþykkja viðkomandi samkomulag ætti þó síður að koma til þess að þeir standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt efni samkomulagsins.<sup>41</sup> Þá hafa talsmenn hinnar hefðbundnu dómstólaleiðar viðrað áhyggjur sínar af því að með því að ekki sé fylgt hinu formfasta regluverki dómstólanna sé verið að tefla réttaröryggi í tvísýnu, auk þess sem óformleg sáttameðferð á sáttafundum kunni að ganga í berhöggi við jafnræðissjónarmið.<sup>42</sup>

<sup>38</sup> Eva Margrét Kristinsdóttir (n. 16) 77–78.

<sup>39</sup> sama heimild 78.

<sup>40</sup> Umboðsmaður borgarbúa (n. 25) 5.

<sup>41</sup> sama heimild.

<sup>42</sup> „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (Dómismálaráðuneytið 21. apríl 2004) 23 <[https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Nyjjar\\_leidir\\_vegna\\_afbrota\\_ungmenna.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Nyjjar_leidir_vegna_afbrota_ungmenna.pdf)> skoðað 2. febrúar 2021.

Að lokum má nefna gagnrýni Owen M. Fiss, prófessors við lagadeild Yale háskóla, á valkvæðar aðferðir til lausnar ágreiningi. Í grein sinni *Against Settlement* færir hann fram ýmis rök fyrir því að hin hefðbundna dómstólaleið sé betri valkostur þegar kemur að úrlausn ágreiningsmála. Kemst hann meðal annars svo að orði:

Að mínu mati á að túlka tilgang dómskerfisins á víðtækari hátt. Dómstólar notast við opinberar heimildir, og eru mál í höndum opinberra embættismanna sem valdir eru með lýðræðislegu ferli í stað ókunnugra einstaklinga sem deiluaðilar velja sjálfir [...]. Hlutverk dómara er ekki að hámarka útkomu einkaaðila né heldur að tryggja frið, heldur að útskýra og veita gildi þeim viðhorfum sem felast í opinberum textum, líkt og stjórnarskránni og settum lögum. Þessari skyldu er ekki sinnt þegar lausn deilumála er í höndum aðilanna sjálfra (þýð. höf.).<sup>43</sup>

## 2 Sáttamiðlun á alþjóðavettvangi

Í ljósi kosta sáttamiðlunar hafa fjölmörg ríki markað sér skýra stefnu um innleiðingu úrræðisins í réttarfarslöggið og víðar. Utan Evrópu má þess fyrst geta að Ástralir standa þjóðum framarlega hvað notkun úrræðisins varðar, en um langa tíð hafa menn gengið að sáttamiðlun sem eðlilegum og skyldubundnum hluta réttarfars og stjórnsýsluframkvæmdar. Í Kanada er 90% allra dómsmála þar sem stefnukröfur eru undir 4 m.kr. beint í sáttameðferð, og er sáttahlutfallið 70%. Þó svo að dómstólar hafi þar enn grundvallarhlutverki að gegna hefur sáttamiðlun öðlast þann sess að vera almennt viðurkennd forgangsleið við úrlausn ágreinings.<sup>44</sup> Sáttamiðlun í Bandaríkjunum má rekja allt til nýlendutímans, og var hún lögfest á árunum 1970-1980.<sup>45</sup> Lögð hefur verið áhersla á nýsköpun og aukna notkun sáttamiðlunar með það að markmiði að létta álaginu af dómskerfinu, og hafa þær aðgerðir aukið skilvirkni og stýtt málshraða þeirra mála sem einungis verður leyst úr með dómi.<sup>46</sup> Hefur sérstök ADR deild innan bandaríska dómsmálaráðuneytisins tekið saman að aukin notkun sáttamiðlunar leiddi árið 2017 til sparnaðar fyrir dómstólum sem nemur yfir 15,5 milljónum dollara og spöruðust 13.996 vinnudagar hjá lögmönnum og starfsmönnum dómstóla. Aukinheldur nam tímasparnaður

---

<sup>43</sup> Owen M Fiss, „Against Settlement“ (1984) 93 *The Yale Law Journal* 1073, 1085.

<sup>44</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 12.

<sup>45</sup> Alfíni o.fl. (n. 10) 1.

<sup>46</sup> John Sturrock, „Making better use of mediation to resolve disputes and manage difficult issues“, *Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System* 8  
<<http://www.scottishconservatives.com/wordpress/wp-content/uploads/2015/01/Justice-Matters-Final.pdf>>  
skoðað 21. apríl 2021.

málsaðila samtals 1.967 mánuðum það sama ár.<sup>47</sup> Af Asíuríkjum má nefna að Hong Kong og Singapúr búa að skýrt mótuðu sáttamiðlunarkerfi, auk sem Kínverjar horfa í auknum mæli til úrræðisins.<sup>48</sup>

Innan Evrópu hafa ferskir vindar blásið á undanförunum árum og hafa mörg ríki tekið stefnumarkandi skref í innleiðingu sáttamiðlunar. Fyrsta evrópska löggjöfin um sáttamiðlun í einkamálum var lögfest í Austurríki árið 2004, en fimm árum áður höfðu lagareglur um sáttamiðlun í fjölskyldumálum tekið þar gildi. Lög sem fela í sér innleiðingu sáttamiðlunar tóku svo gildi í Þýskalandi árið 2008.<sup>49</sup> Áhugavert er að líta til Skotlands hvað þessi efni varðar, en þar hefur sáttamiðlun verið beitt á sviði opinbers réttar jafnt sem einkaréttar um árabil. Sérstaka athygli vekur hve víða þar er notast við sáttamiðlun utan réttar.<sup>50</sup> Þá má og nefna að á grundvelli dómaframkvæmdar búa lönd á borð við Holland, Belgíu, Króatíu, Búlgaríu og Slóveníu við skýrt mótað sáttamiðlunarkerfi.<sup>51</sup> Hvað norræn ríki varðar þá hafa þau mörg hver tekið sáttamiðlun upp á sína arma, en í næsta kafla verður innleiðingu sáttamiðlunar í réttarfar þeirra ríkja gerð sérstök skil í ljósi tengsla við íslenskt réttarfar.

Ekki eru það þó einungis fjöldi ríkja heims sem horfa í auknum mæli til gagnsemis sáttamiðlunar, heldur hafa alþjóðastofnanir stuðlað verulega að þróun úrræðisins. Skýrt dæmi um það er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um sáttamiðlun, Singapúr-sáttmálinn, sem kynntur var þann 20. desember 2018 en með honum var grunnur lagður að alþjóðareglum um sáttir sem byggja á sáttamiðlun og fullnustu þeirra. Yfirlýst markmið Sameinuðu þjóðanna er að kynna úrræðið á heimsvísu sem skilvirkan og eftirsóknarverðan valkost við úrlausn ágreiningsmála á sviði alþjóðasamskipta, og var útgáfa sáttmálans ein birtingarmynd þess markmiðs.<sup>52</sup> Þá hafa ófáar alþjóðastofnanir gert ráð fyrir sáttamiðlun sem valkosti fyrir deiluaðila, til að mynda Alþjóðaviðskiptastofnunin (e. *World Trade Organization*) og Alþjóðahugverkastofnunin.<sup>53</sup>

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur töluverð áhersla verið lögð á að aðildarríki taki upp sáttamiðlun í ríkari mæli. Til marks um það hefur Evrópuráðið (e. *Council of Europe*) gefið

<sup>47</sup> „Alternative Dispute Resolution at the Department of Justice“ (*The United States Department of Justice*, 24. júlí 2020) <<https://www.justice.gov/archives/olp/alternative-dispute-resolution-department-justice>> skoðað 26. apríl 2021.

<sup>48</sup> Danny McFadden, „How mediation is developing in Asia“ (CEDR Asia Pacific) 5 <<http://www.cedr-asia-pacific.com/cedr/uploads/articles/pdf/ARTICLE-20120116100514.pdf>> skoðað 24. apríl 2021.

<sup>49</sup> Felix Steffek og Klaus J Hopt, *Mediation: Principles and Regulation in Comparative Perspective* (1. útg., Oxford University Press 2012) 253–4.

<sup>50</sup> Í Svavar Pálsson (n. 2) fer höfundur ítarlega yfir stefnumótun um innleiðingu sáttamiðlunar í Skotlandi. Að hans mati er Skotland að ýmsu leyti áhugavert til viðmiðunar fyrir Ísland og telur hann að unnt sé að færa sér í nyt þá vegferð sem þar er hafin.

<sup>51</sup> Andrew Goodman, *Mediation Advocacy* (2. útg., Nova Law and Finance Ltd 2010) 2.

<sup>52</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 23; Sjá nánar United Nations Convention on International Settlement Agreements Resulting from Mediation (samþykktur 20. desember 2018) CN 154.2019-XXII.4.

<sup>53</sup> Vicuña (n. 11), kafli 4.



út leiðbeinandi reglur fyrir aðilarríki sín hvernig innleiða skuli úrræðið. Nánar tiltekið eru það tilskipanir (e. *recommendations*) (99)19 um sáttamiðlun í sakamálum (e. *mediation in penal matters*), (2002)10 um sáttamiðlun í einkamálum (e. *mediation in civil matters*), (98)1 um sáttamiðlun í fjölskyldumálum (e. *family mediation*) og (2001)9 um aðrar leiðir en málaferli milli stjórnvalda og einkaaðila (e. *alternatives to litigation between administrative authorities and private parties*).<sup>54</sup> Þá má vísa í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/11/EU frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB, en tilskipunin kveður á um ríkari innleiðingu ADR-aðferða, en þó er þar ekki sérstök áhersla lögð á sáttamiðlun. Að lokum má nefna tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/52/EC um sáttamiðlun í ágreiningsmálum á sviði einkaréttar og viðskipta frá 21. maí 2008, sem hvetur aðildarríki til beitingar sáttamiðlunar við lausn deilumála yfir landamæri (e. *cross-border disputes*). Hafa öll ríki Evrópusambandsins, að Danmörku undanskildu, innleitt tilskipunina.<sup>55</sup> Rúnum fimm árum eftir gildistöku hennar óskaði laganefnd Evrópuþingsins eftir skýrslu um áhrif hennar, og sýnir hún svart á hvítu að aukin notkun sáttamiðlunar leiði hvoru tveggja til styttingar málsmeðferðartíma sem og lækkunar á kostnaði. Má til dæmis nefna að meðalmálsmeðferðartími fyrir dómstólum aðildarríkja Evrópusambandsins var 566 dagar, en einungis 43 dagar í sáttamiðlun. Þá nam málskostnaður aðila fyrir dómstólum aðildarríkjanna að meðaltali 9.179 evrum, en 3.371 evrum að meðaltali vegna sáttamiðlunar.<sup>56</sup>

## 2.1 Sáttamiðlun í norrænum rétti

Í upphafskafla þessa rits er á það bent að sáttamiðlun eigi sér djúpar í norrænum rétti, og að rekja megi notkun sáttamiðlunar langt aftur til miðalda. Ákveðin vatnaskil urðu þó í byrjun níunda áratugar síðustu aldar þegar nýjar hugmyndir um sáttamiðlun tóku að ryðja sér til rúms á Norðurlöndunum, þá sérstaklega í Noregi og Finnlandi. Má þessar hugmyndir að miklu leyti rekja til greinarinnar „Konflikt som eiendom“ sem skrifuð var af norska félagsfræðingnum Nils Christie árið 1977, en hún leiddi meðal annars til aukinnar þátttöku hlutaðeigandi aðila í lausn ágreiningsmála. Þá tók vægi sáttamiðlunar að aukast til muna um síðustu aldamót, og hefur

---

<sup>54</sup> Dagný Rut Haraldsdóttir, „Sáttamiðlun í sakamálum“ (ML ritgerð, Háskólinn á Akureyri 2009) 45 <[https://skemman.is/bitstream/1946/3071/1/Sattamidlun\\_i\\_sakamalum\\_fixed%5b1%5d.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/3071/1/Sattamidlun_i_sakamalum_fixed%5b1%5d.pdf)> skoðað 31. janúar 2021.

<sup>55</sup> „National transposition measures communicated by the Member States concerning: Directive 2008/52/EC of the European Parliament and of the Council of 21 May 2008“ (*EUR-Lex*) <<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/SV/NIM/?uri=CELEX:32008L0052>> skoðað 10. mars 2021.

<sup>56</sup> „'Rebooting' the Mediation Directive: Assessing the Limited Impact of Its Implementation and Proposing Measures to Increase the Number of Mediations in the EU“ (European Parliament janúar 2014) 124–6.

það farið sífellt vaxandi síðan, jafnt innan sem utan réttar, þar sem ný sáttamiðlunarkerfi verða til og fjöldi mála eykst.<sup>57</sup>

Við samningu lagabálka hérlendis hefur löngum verið höfð hliðsjón af löggjöf norrænna frændþjóða vorra. Má til dæmis vísa til þess að við samningu frumvarps þess sem síðar varð að lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 var sérstaklega hugað að danskri og norskrri löggjöf um meðferð einkamála.<sup>58</sup> Þá var við gerð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála litið til breytinga sem gerðar höfðu verið á ákvæðum danskra og norskra laga á réttarsviðinu.<sup>59</sup> Þykir því við hæfi að reifa þá réttarþróun sem þar hefur átt sér stað, en aðallega verður litið til Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur.

### 2.1.1 Sáttamiðlun í Noregi

Á meðal norrænna þjóða hafa Norðmenn verið taldir leiðandi á sviði sáttamiðlunar, en sáttir og vinsamlegar lausnir hafa verið ríkjandi í norsku einkamálaréttarfari svo öldum skiptir.<sup>60</sup> Þess má geta að Norðmenn voru fyrstir Evrópuþjóða til þess að setja lög um sáttamiðlun í sakamálum.<sup>61</sup> Á undanförnum áratugum hafa hinar hefðbundnu sáttaaðferðir þróast í takt við nýjar aðferðir við lausn ágreiningsmála sem margar hverjar eru undir áhrifum nýrri kenninga um það efni, líkt og kenninga um uppbyggilega réttvísi (e. *restorative justice*) og dómstengda sáttamiðlun (e. *court-connected mediation*).<sup>62</sup>

Nú eru tvær mismunandi aðferðir við sáttamiðlun notaðar í fjölskyldumálum og nokkur mismunandi sáttamiðlunarform viðurkennd í norskrri löggjöf í öðrum málum en fjölskyldumálum. Þessum sáttamiðlunarformum er skipt í þrjá flokka, eftir því hvort deilan hefur verið lögð fyrir dómstóla eður ei, en þeir eru sáttamiðlun utan réttar (e. *out-of-court mediation*), sáttamiðlun fyrir sáttanefndnum (e. *mediation in conciliation boards*) og sáttamiðlun fyrir dómi (e. *mediation in courts*).<sup>63</sup> Verður hér gerð nánari grein fyrir þessari flokkun.

Undir fyrsta flokkinn, sáttamiðlun utan réttar, falla tvö form sáttamiðlunar. Annars vegar í 7. kafla laga nr. 2005-06-17-90, sem á íslensku hafa verið nefnd deilulög (n.

---

<sup>57</sup> Ervasti (n. 1) 227; Anna Nylund, „The Many Ways of Civil Mediation in Norway“ í Anna Nylund og Laura Ervo (ritstj.), *The Future of Civil Litigation: Access to Courts and Court-annexed Mediation in the Nordic Countries* (Springer 2014) 5–6.

<sup>58</sup> Alþt. 1991-1992, A-deild, þskj. 72 – 71 . mál.

<sup>59</sup> Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál.

<sup>60</sup> Nylund (n. 57) 1.

<sup>61</sup> Umboðsmaður borgarbúa (n. 25) 10.

<sup>62</sup> Nylund (n. 57) 1.

<sup>63</sup> sama heimild 7.

tvisteloven), kveðið á um sáttamiðlun sem fer fram utan réttar (n. *utenrettslig mekling*), en lög þau tóku gildi árið 2008. Þar kemur meðal annars fram að sáttamiðlun verði að fara fram áður en mál er höfðað og að deiluaðilar geti á hvaða tímapunkti sem er ákveðið að hætta sáttamiðlun, sbr. 7-1. gr. laganna. Samkvæmt 7-1. gr. geta aðilar sjálfir komið sér saman um hver skuli annast sáttamiðlunina, til dæmis stofnanir sem bjóða upp á sáttamiðlunarþjónustu, en einnig geta þeir óskað eftir að héraðsdómstólar skipi sáttamiðlara úr röðum dómara.<sup>64</sup> Hitt form sáttamiðlunar utan réttar er sáttamiðlun fyrir Ágreiningsráði (n. *Konfliktrådet*), en um er að ræða sérstaka stofnun sem býður upp á sáttamiðlunarþjónustu utan réttar fyrir almenning. Byrjað var að bjóða upp á þjónustuna á níunda áratug síðustu aldar en árið 1991 var hún innleidd í norska réttarkerfið með lögfestingu laga nr. 1991-03-15-3 um sáttamiðlun.<sup>65</sup> Má þess geta að með viðauka við lögin frá 1. janúar 2004 var gerð sú breyting að sáttamiðlun var færð úr hendi sveitarfélaga líkt og áður var, og úrræðið gert að þjónustu sem ríkið byði upp á.<sup>66</sup> Árið 2014 tóku svo gildi ný lög um sáttamiðlun nr. 2014-06-20-49 (n. *konfliktrådsloven*) og komu þau í stað laganna frá 1991 og er í 1. gr. hinna nýju laga mælt fyrir um að Ágreiningsráðið taki bæði einkamál og sakamál til sáttameðferðar.<sup>67</sup> Er þó sérstök áhersla lögð á sáttamiðlun í sakamálum ungra afbrotamanna. Ágreiningsráðið starfrækir 12 svæðisbundnar skrifstofur víðsvegar um Noreg og þar starfa um 130 starfsmenn. Sáttamiðlarar eru sjálfboðaliðar sem fá greitt fyrir vinnu sína,<sup>68</sup> en samkvæmt 1. mgr. 4. gr. konfliktrådsloven skal samsetning sáttamiðlara vera fjölbæf svo hún endurspegli samfélagið að því marki sem unnt er. Á síðastliðnum áratug hefur Ágreiningsráðið skráð á milli 6.900-9.300 mál árlega. Árið 2019 bárust ráðinu alls 7.385 mál, en þar af voru 3.557 sakamál og 2.265 einkamál. Þá var 1.439 einkamálum vísað frá.<sup>69</sup>

Annar flokkurinn, sáttamiðlun fyrir sáttanefndum, á sér lagastoð í 6. kafla deilulaganna, en sáttanefndir (n. *Forliksrådet*) eru staðbundnar opinberar nefndir á vettvangi sveitafélaga.<sup>70</sup> Teljast þær til dómskerfisins, og er meginhlutverk þeirra að aðstoða deiluaðila við leysa úr ágreiningi á fljótan og ódýran hátt með sáttamiðlun. Er almenna reglan að sú að áður en mál

---

<sup>64</sup> Lov om mekling og rettergang i sivile tvister (tvisteloven) nr. 2005-06-17-90.

<sup>65</sup> Nylund (n. 57) 9.

<sup>66</sup> Dagný Rut Haraldsdóttir (n. 54) 26.

<sup>67</sup> Lov om konfliktrådsbehandling (konfliktrådsloven) nr. 2014-06-20-49.

<sup>68</sup> „Om konfliktrådet“ (*Konfliktrådet*) <<https://www.konfliktraadet.no/om-konfliktraadet.311335.no.html>> skoðað 9. mars 2021.

<sup>69</sup> Sekretariatet for konfliktrådene, „Årsrapport for 2019“ (Konfliktrådet 14. febrúar 2020) 6 <<https://www.konfliktraadet.no/getfile.php/4683565.2268.lwlitpzbutjtbt/%C3%85rsrapport+for+2019+fra+Sekretariatet+for+konfliktr%C3%A5dene+-+korrigert+27.4.2020.pdf>> skoðað 15. apríl 2021.

<sup>70</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 14.

verður tekið fyrir af héraðsdómi skuli það fyrst vera lagt fyrir sáttanefnd.<sup>71</sup> Þó eru mikilvægar undantekningar frá þeirri reglu, en samkvæmt 1. mgr. 6-2. gr. er tilteknum málaflokkum beint frá upphafi til héraðsdóms, líkt og fjölskyldumálum og stjórnsýslumálum. Þá gildir reglan ekki ef upphæðin sem deilt er um nemur að minnsta kosti 200.000 norskra króna (um það bil 3.000.000 íslenskar krónur) og báðir aðilar hafa notið aðstoðar lögmanna, né heldur ef sáttamiðlun utan réttar hefur verið reynd, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Sáttanefndirnar gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í Noregi, en 80-90% einkamála fara fyrst til sáttanefnda. Nánar tiltekið eru árlega um 100.000 einkamál tekin fyrir af sáttanefndum, en til samanburðar eru um 15.000 einkamál þingfest hjá héraðsdómstólum landsins. Þykir það sýna hversu mörg mál má sía frá dómstólum landsins með meðfylgjandi tíma- og útgjaldasparnaði, en málsmeðferðartími fyrir sáttanefnd er að meðaltali 70 dagar en fyrir héraðsdómstólum er hann að meðaltali 7 mánuðir.<sup>72</sup> Má þess og geta að sátt sem náðst hefur fyrir sáttanefnd hefur sömu réttaráhrif og ef um niðurstöðu dómstóls væri að ræða.<sup>73</sup>

Undir þriðja flokkinn, sáttamiðlun fyrir dómi, falla tvö form sáttamiðlunar. Annað þessara forma er dómsátt (n. *ordinær mekling*) sem felst í því að dómari skuli á öllum stigum málsins kanna möguleikann á að sátt náist á milli deiluaðila, að öllu leyti eða að hluta, með sáttamiðlun eða dómsátt, nema að eðli viðkomandi máls eða aðrar aðstæður mæli gegn því, sbr. 1. mgr. 8-1. gr. deilulaganna. Samkvæmt 8-2. gr. sömu laga er dómara óheimilt að halda einkafundi með aðilum, varpa fram hugmyndum að lausnum, veita ráð og jafnframt koma fram með sjónarmið sem gætu teflt hlutleysi dómstólsins í tvísýnu. Hins vegar er dómara heimilt að þrýsta á aðila til þess að ná sáttum með því að upplýsa þá um kosti sáttar og ókosti þess að reka málið fyrir dómstólum.<sup>74</sup> Má þess geta að Dr. Anna Nylund, lagaprófessor við Háskólann í Tromsø, telur ekki rétt að kalla aðferð þessa sáttamiðlun, eða „mediation“ á enskri tungu. Vísar hún til þess að dómara sé óheimilt að notast við aðferðir sáttamiðlunar, og þar með sé hann sviptur möguleikanum á „betri“ niðurstöðu.<sup>75</sup> Hitt form sáttamiðlunar fyrir dómi er dómstengd sáttamiðlun (n. *rettsmekling*) en aðferðin var tekin upp í norskt réttarkerfi árið 2008 og á hún sér lagastoð í ákvæðum 8-3 til 8-7 deilulaganna. Bæði geta málsaðilar sjálfir óskað eftir því að máli þeirra verði vísað í þann farveg sem og dómari, en almennt getur hann þó ekki fyrirskipað að það skuli gert gegn vilja málsaðila. Er þeim dómara sem hefur fengið viðkomandi máli

---

<sup>71</sup> Nylund (n. 57) 10.

<sup>72</sup> Forliksrådet i Oslo, „Uttalelse om ny domstollov- Forliksrådet i Oslo“ (30. september 2016) 2–3 <[https://www.regjeringen.no/contentassets/29d41a960e6744bdb618fef0ab081513/forlikradetoslo.pdf?uid=Forlikr%C3%A5det\\_i\\_Oslo](https://www.regjeringen.no/contentassets/29d41a960e6744bdb618fef0ab081513/forlikradetoslo.pdf?uid=Forlikr%C3%A5det_i_Oslo)> skoðað 15. apríl 2021.

<sup>73</sup> Eva Margrét Kristinsdóttir (n. 16) 47–8.

<sup>74</sup> Nylund (n. 57) 11.

<sup>75</sup> sama heimild.

úthlutað heimilt að annast sjálfur sáttamiðlunina, en einnig getur hann falið öðrum dómara við sama dómstól það verk sem og sérstökunum sáttamiðlurum við dómstólinn, sbr. 1. mgr. 8-4. gr. deilulaganna. Í 8-5. gr. er kveðið á um málsmeðferð og inntak dómstengdrar sáttamiðlunar, en sá meginmunur er á úrræðinu og dómsátt að hér er sáttamiðlara fengið mun veigameira hlutverk. Þannig er honum til dæmis heimilt að leggja fram hugmyndir að lausnum og benda á styrkleika og veikleika í málatilbúnaði aðila. Samkvæmt 1. mgr. sama ákvæðis skal sáttamiðlun fara fram utan réttarhalda, en einkafundir eru leyfðir. Þá er aðilum heimilt samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins að leggja fram sönnunargögn í sáttamiðluninni. Takist sættir ekki með sáttamiðlun heldur málarekstur áfram fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 8-7. gr. laganna. Má þess geta að sáttahlutfall mála sem í þennan farveg fara nemur 70-80%.<sup>76</sup>

### 2.1.2 Sáttamiðlun í Svíþjóð

Í Svíþjóð tóku þann 1. ágúst 2011 í gildi lög nr. 2011:860 um sáttamiðlun í einkamálum (s. *lag om medling i vissa privaträttsliga tvister*),<sup>77</sup> en með lögnum innleiddu Svíar að hluta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/52/EC um sáttamiðlun í ágreiningsmálum á sviði einkaréttar og viðskipta frá 21. maí 2008.<sup>78</sup> Taka löggin einvörðungu til ágreinings utan réttar sem meðferðar sætir af hálfu annarra en opinberra úrskurðaraðila, líkt og dómstóla eða stjórnvalds, sbr. 1. gr. laganna. Meginatriði téðra laga er almennar reglur um sáttamiðlun, til dæmis varðandi trúnaðarskyldur, fullnustu og fresti. Þá hafa Svíar innleitt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/11/EU um lausn deilumála neytenda utan dómstóla með lögum nr. 2015:671 (s. *lag om alternativ tvistlösning i konsumentförhållanden*), en þau tóku gildi þann 12. nóvember 2015.<sup>79</sup> Þess má og geta að í sænsku réttarfarslögnum er mælt fyrir um sérstaka leiðbeiningaskyldu dómstóla varðandi möguleika á sáttamiðlun. Að undangengnu samþykki málsaðila hafa dómstólar heimild til þess að vísa málum í sáttameðferð, og kemur það í hendi dómara að tilnefna sáttamiðlara og mæla fyrir um tímamörk. Notkun á heimild þessari er þó lítið notuð af sænskum dómurum.<sup>80</sup>

<sup>76</sup> „Rettsmekling“ (*Norges Domstoler*) <<https://www.domstol.no/sivil-sak/sakstyper/rettsmekling/>> skoðað 15. apríl 2021.

<sup>77</sup> Lag (2011:860) om medling i vissa privaträttsliga tvister.

<sup>78</sup> „National transposition measures communicated by the Member States concerning: Directive 2008/52/EC of the European Parliament and of the Council of 21 May 2008“ (n. 55).

<sup>79</sup> „National transposition measures communicated by the Member States concerning: Directive 2013/11/EU of the European Parliament and of the Council of 21 May 2013“ (*EUR-Lex*) <<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/NIM/?uri=celex:32013L0011>> skoðað 21. apríl 2021.

<sup>80</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 17.

Árið 1998 voru landssamtök sáttamiðlunar í Svíþjóð (*s. Svenska föreningen för medling*) stofnuð, en helsta áhersla samtakanna hefur verið á sáttamiðlun í sakamálum.<sup>81</sup> Þá hefur sænska forvarnarráðinu gegn afbrotum (*s. Brottsförebyggande Rådet – BRÅ*) verið gert að setja af stað ýmis verkefni er snúa að sáttamiðlun. Hefur ráðið dreift fjárstyrkjum til ýmissa sáttamiðlunarverkefna víða um Svíþjóð, en við það hefur málum sem vísað er til sáttamiðlunar fjölgað umtalsvert.<sup>82</sup> Lög nr. 2002:445 um sáttamiðlun í sakamálum tóku svo gildi árið 2002 (*s. lag om medling med anledning av brott*), en þau tóku breytingum með breytingarlögum nr. 2014:625. Gildissvið þeirra er þó takmarkað við sáttamiðlun í sakamálum á vegum sveitarfélaga eða ríkisins, sbr. 1. gr. laganna.<sup>83</sup> Byggja lög þau að mestu leyti á tilmælum Evrópuráðsins nr. (99)19, en sérstakt tillit er tekið til ungra afbrotamanna.<sup>84</sup>

### 2.1.3 Sáttamiðlun í Finnlandi

Ákvæði um sáttamiðlun hafa verið til staðar í finnskum lagabálkum svo áratugum skiptir, en til dæmis má nefna að um 60 ár eru síðan settar voru reglur um sáttamiðlun í skilnaðarmálum.<sup>85</sup> Annars vegar fer sáttamiðlun fram fyrir dómi, sem telst þá til opinberrar dómsýslu. Hins vegar fer sáttamiðlun fram utan réttar á grundvelli samþykkis aðila. Hefur sáttamiðlun utan réttar vaxið ásmegin í framkvæmd síðast liðna tvo áratugi, meðal annars fyrir tilstuðlan finnska lögmannafélagsins.<sup>86</sup> Þar hefur Finnska sáttamiðlunarstofnunin (*f. Suomen Sovittelufoorumi, e. The Finnish Forum for Mediation*) mikilvægu hlutverki að gegna, en hún tók til starfa árið 2003 og er markmið hennar að auka velferð samfélagsins með þróun sáttamiðlunar.<sup>87</sup>

Um sáttamiðlun í sakamálum gilda lög nr. 1015/2005 (*f. laki rikosasioiden ja eräiden riita-asioiden sovittelusta, e. law on mediation in crime and in certain disputes*), en þau tóku gildi þann 1. janúar 2006. Sáttamiðlun í sakamálum er þjónusta sem finnska ríkið býður endurgjaldslaust, en þar gefst brotþola og sakborningi tækifæri á að eiga fund í trúnaði í viðurvist óhlutdrægs sáttamiðlara, sbr. 1. gr. laganna. Meta skal hvort sakamál sé tækt til sáttamiðlunar, en við matið skal taka tillit til eðlis brots, hvernig sambandi á milli sakbornings og brotþola er háttað og annarra þátta er máli kunna að skipta, sbr. 3. gr. sömu laga.<sup>88</sup> Í

<sup>81</sup> Dagný Rut Haraldsdóttir (n. 54) 37.

<sup>82</sup> sama heimild 40.

<sup>83</sup> Lag (2002:445) om medling med anledning av brott.

<sup>84</sup> „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (n. 42) 29.

<sup>85</sup> Ervasti (n. 1) 237.

<sup>86</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 15.

<sup>87</sup> „Finlands Forum för Medling (FFM)“ (*Suomen Sovittelufoorumi SSF*) <<https://sovittelu.com/pa-svenska/>> skoðað 17. mars 2021.

<sup>88</sup> 1015/2005 Laki rikosasioiden ja eräiden riita-asioiden sovittelusta.

sakamálum er notast við svokallaða sáttamiðlun milli þolanda og geranda (e. *victim offender mediation*) en sáttamiðlunin ávallt valkvæð. Hefur aðaláherslan verið á sáttamiðlun í málum ungra afbrotamanna, og varða flest þeirra líkamsárásir, eignaskemmdir og þjófnað, en megin þorri málanna er vísað í sáttamiðlun af lögreglu eða saksóknurum. Á ári hverju eru um 60.000 sakamál þingfest hjá héraðsdómstólum í Finnlandi, en 12.000 þeirra fara í farveg sáttamiðlunar.<sup>89</sup> Nemur hlutfall sáttamiðlunarmála því um 20%.

Um sáttamiðlun í einkamálum gilda lög nr. 394/2011 (f. *laki riita-asioiden sovittelusta ja sovinnon vahvistamisesta yleisissä tuomioistuimissa*, e. *act on mediation in civil matters and confirmation of settlements in general courts*), en með lögunum innleiddu Finnar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/52/EC. Taka lögin til sáttamiðlunar fyrir dómi, auk þess að veita grundvöll fyrir staðfestingu á aðfararhæfni sátta sem náðst hafa með sáttamiðlun utan réttar, sbr. 1. gr. laganna.<sup>90</sup>

#### 2.1.4 Sáttamiðlun í Danmörku

Af þeim ríkjum sem hér hefur verið fjallað um þykir óhætt að segja að þróun sáttamiðlunar sé skemmst á veg komin í Danmörku. Af hálfu hins opinbera gætti um hríð nokkurrar tregðu hvað varðar notkun sáttamiðlunar, og ekki eru í gildi samræmdar reglur á því sviði.<sup>91</sup> Má ástæðuna meðal annars rekja til þess að landið er eitt ríkja Evrópusambandsins sem hefur ekki innleitt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/52/EC.<sup>92</sup>

Þrátt fyrir það má þar finna sáttamiðlun á hinum ýmsu sviðum. Boðið er upp á sáttamiðlunarþjónustu á einkamarkaði, en engin lög gilda um slíka þjónustu og verða aðilar sjálfir að bera kostnaðinn af sáttamiðluninni.<sup>93</sup> Sem dæmi um slíka sáttamiðlunarþjónustu má nefna Ágreiningsmiðstöðina (d. *Center for Konfliktlösning*), sem hefur frá stofnun árið 1994 verið vettvangur námskeiða, fræðslu, ráðgjafar og verkefna er tengjast lausn ágreiningsmála og sáttamiðlun.<sup>94</sup> Lögmenn eiga sér einnig sambærilegan vettvang er nefnist Sáttamiðlunarstofnunin (d. *Mediationsinstitutet*), en þar starfa lögmenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun í sáttamiðlun.<sup>95</sup> Þá má og nefna Samtök danskra sáttalögmanna (d. *Danske*

<sup>89</sup> Ervasti (n. 1) 233–4.

<sup>90</sup> 394/2011 Laki riita-asioiden sovittelusta ja sovinnon vahvistamisesta yleisissä tuomioistuimissa.

<sup>91</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 16–17.

<sup>92</sup> „National transposition measures communicated by the Member States concerning: Directive 2008/52/EC of the European Parliament and of the Council of 21 May 2008“ (n. 55).

<sup>93</sup> „Mediation in Member States - Denmark“ (*European e-Justice Portal*, 13. ágúst 2019) <[https://e-justice.europa.eu/content\\_mediation\\_in\\_member\\_states-64-dk-en.do?member=1](https://e-justice.europa.eu/content_mediation_in_member_states-64-dk-en.do?member=1)> skoðað 31. mars 2021.

<sup>94</sup> „Om os“ (*Center for Konfliktlösning*) <<https://konfliktloesning.dk/engelsk/>> skoðað 31. mars 2021.

<sup>95</sup> „Konstruktiv Konfliktlösning Udenom Retten– Hurtigt, Effektivt Og i Fuld Fortrolighed“ (*Mediationsinstitutet*) <<https://mediationsinstitutet.dk/>> skoðað 3. apríl 2021.

*Mediatoradvokater*), en meðlimir samtakanna eru um 180 lögmenn á landsvísu sem lokið hafa sáttamiðlunarnámskeiði hjá danska lögmannafélaginu, eða hafa sambærilega menntun.<sup>96</sup>

Árið 2003 réðust Danir í tilraunaverkefni með dómstengda sáttamiðlun (d. *retsmægling*), og eftir mat á árangri þess árið 2008 var úrræðið gert varanlegt í dönsku réttarkerfi.<sup>97</sup> Nú er í 27. kafla dönsku réttarfarslaganna (d. *Retsplejeloven*) að finna ákvæði um dómstengda sáttamiðlun, og gildir þá einu hvort viðkomandi mál sé til meðferðar hjá héraðsdómi (d. *byret*), landsdómi (d. *landsret*) eða Sjó- og verslunardóminum (d. *Sø- og Handelsretten*), sbr. 271. gr. laganna. Samkvæmt 272. gr. getur dómstóll skipað sáttamiðlara að undangenginni beiðni aðila, enda hafi þeir forræði á deilunni. Þeir sem skipa má sáttamiðlara eru dómarrar eða skrifstofumenn við viðkomandi dómstól sem skipaðir hafa verið til þess að annast sáttamiðlun, sem og sáttalögmenn sem eru á skrá hjá dönsku dómsýslunni, sbr. 273. gr. laganna. Þó verður sá sem skipaður er sáttamiðlari vanhæfur til þess að hafa frekari afskipti af málinu fyrir dómi, leysist ágreiningurinn ekki í sáttamiðlun skv. 279. gr. laganna. Á grundvelli 478. gr. laganna er unnt að láta framfylgja sátt sem náðst hefur í sáttamiðlun fyrir dómi, eða eftir atvikum stjórnvöldum.<sup>98</sup>

Í sakamálum hefur helst verið notast við sáttamiðlun milli þolanda og geranda, en um miðjan 10. áratug síðustu aldar var sett af stað tilraunaverkefni með aðferðina. Var verkefninu aðallega beint að ungum afbrotamönnum í þeim tilgangi að gera þeim grein fyrir gjörðum sínum, og hindra frekari afbrot í framtíðinni.<sup>99</sup> Þann 1. janúar 2010 tóku svo gildi lög um ágreiningsráð (d. *lov om konfliktråd i anledning af en strafbar handling*), en með þeim var komið á varanlegu kerfi á landsvísu fyrir lausn ágreiningsmála í sakamálum.<sup>100</sup> Samkvæmt 1. gr. laganna skal lögreglustjóri í hverju lögregluumdæmi koma á fót ágreiningsráði þar sem geranda og þolanda gefst tækifæri á að hittast ásamt hlutlausum sáttamiðlara í kjölfar refsiverðs verknaðs. Öllum sem það kjósa gefst kostur á að leita til ágreiningsráða, en aðilar verða þó að sammælast um að það verði gert, sbr. 2. gr. laganna. Enn fremur eru þau skilyrði sett að forsjáraðilar barna og ungmenna undir 18 ára aldri verði að samþykkja sáttamiðlun hjá ágreiningsráði, auk þess sem gerandinn verður í meginatriðum að hafa játað brot sitt. Samkvæmt 3. gr. laganna skal sáttamiðlari aðstoða aðila við að ræða afbrotið, og við að móta samkomulag sem báðir aðilar geta við unað. Þó svo að leið þessi standi brotamönnum til boða

<sup>96</sup> „180 Specialister i Mediation“ (*Mediatoradvokater*) <<https://mediatoradvokater.dk/>> skoðað 3. apríl 2021.

<sup>97</sup> *Ervasti* (n. 1) 235–6.

<sup>98</sup> Lovbekendtgørelse nr. 1445 af 29.09.2020 *Retsplejeloven*.

<sup>99</sup> *Ervasti* (n. 1) 234.

<sup>100</sup> „Mediation in Member States - Denmark“ (n. 93).



er í 4. gr. laganna tekið fram að sáttamiðlun í ágreiningsráðum komi ekki í stað refsingar eða annarra lagalegra afleiðinga afbrots.<sup>101</sup>

### 3 Sáttamiðlun í einkamálum

Líkt og varðandi önnur norræn ríki eru sættir við úrlausn ágreiningsmála ekki nýjar af nálinni héraðs, þó svo að hugtakið sáttamiðlun hafi síðar komið til. Má hér vísa til skrifna Dr. Juris Páls Sigurðssonar um langa sögu sáttanefnda hér á landi. Laust fyrir aldamótin 1800 var sáttanefndum í einkamálum komið á fót á grundvelli tveggja tilskipana í Noregi og Danmörku, sem bæði heyrðu þá undir Danakonung. Um var að ræða nýjung í réttarhari og fóru Íslendingar ekki varhluta af því, en á þeim tíma giltu meginákvæði norsku lögbókarinnar frá 1687 um réttarfar í einkamálum og opinberum málum hér á landi. Tédar tilskipanir voru innleiddar í íslensk lög með birtingu á Alþingi, sú fyrri 20. júlí 1796 en hin síðari 11. júlí 1798. Var meginatriði þessarra tilskipana að einungis yrði stofnað til einkamáls fyrir dómstólum að undangenginni sáttatilaun frammi fyrir sáttanefnd. Ef sættir náðust var komist hjá áframhaldandi málaferlum um það ágreiningsefni fyrir dómi, en í sátt fólst bindandi samningur á milli hlutaðeigandi aðila og var hún aðfararhæf. Að öðrum kosti skyldi framvísa vottorði frá sáttanefnd við dómara því til staðfestingar að sátt hafi verið reynd en eigi borið árangur. Var þá fyrst unnt að hefja málsmeðferð fyrir dómi.<sup>102</sup>

Ný og endurskoðuð ákvæði um sáttameðferð í einkamálum voru tekin upp í nýjum lögum um meðferð einkamála nr. 85/1936, samanber I. kafla þeirra laga. Í 5. gr. laganna var að finna þá meginreglu að öll *einkamál skuli almennt leggja til sátta fyrir sáttamenn*, en nokkrar tegundir mála voru þó undanþegin sáttatilaun. Ef mál var eigi löglega lagt til sátta, eða lögleg sáttatilaun ekki framkvæmd, bar að vísa því frá dómi. Voru ákvæðin um sáttanefndir afnumin árið 1981 með lögum nr. 28/1981, um breytingu á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, meðal annars vegna neikvæðrar gagnrýni á gildi og gagnsemi sáttanefnda. Þess í stað var lögfest sú meginregla að héraðsdómari skyldi leita sátta í einkamálum, og gildir sú regla enn í dag.<sup>103</sup>

---

<sup>101</sup> Lov nr. 467 af 12.06.2009 om konfliktråd i anledning af en strafbar handling.

<sup>102</sup> Páll Sigurðsson (n. 3) 94–8.

<sup>103</sup> sama heimild 99–106.

### 3.1 Lagastoð fyrir beitingu sáttamiðlunar í einkamálum

Hér á landi er ekki fyrir að fara heildstæðum lagabálki um sáttamiðlun í einkamálum. Þó er að finna sérstakan kafla um sættir í núgildandi lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, samanber XV. kafla laganna. Líkt og kveðið er á um hér að ofan hefur héraðsdómara verið fengið það hlutverk að leita sátta á milli deiluaðila, en í 1. mgr. 106. gr. laganna segir að dómari skuli leita sátta fari aðilar með forræði á sakarefninu nema hann telji það víst að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna. Samkvæmt 2. mgr. 106. gr. skal dómari að jafnaði leita sátta eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína en áður en þing er háð til aðalmeðferðar, en hendur hans eru þó ekki bundnar hvað það varðar. Á grundvelli 2. mgr. 108. gr. má gera dómsátt um hluta máls og verður það þá rekið áfram að öðru leyti. Skal dómsáttar getið í þingbók og tekur hún þá þegar gildi, sbr. 1. mgr. 109. gr. Þá má höfða dómsmál til að fá dómsátt ógilta að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 110. gr. eml.

Í 107. gr. eml. er einnig að finna sérstakt ákvæði um sáttaumleitun hjá sýslumanni, en um er að ræða almenna sáttahæimild utan réttar. Þó svo að hugtakið sáttamiðlun sé ekki nefnt sérstaklega í ákvæðinu, né í athugasemdum við það í frumvarpi því sem varð að lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, þá fellur úrræðið tvímælalaust undir ákvæðið.<sup>104</sup> Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 107. gr. getur dómari orðið við ósk aðila um að vísa sáttaumleitunum í máli til sýslumannsins í þeirri þinghá þar sem viðkomandi mál var höfðað telji hann það vænlegt til árangurs og að það leiði ekki til óþarfra tafa. Þá er aðilum og rétt að sammælast um að vísa máli sínu til sáttaumleitana sýslumanns án atbeina dómara milli þess að mál þeirra er tekið fyrir á dómþingi eða áður en mál er höfðað, sbr. 2. másl. 1. mgr. greinarinnar. Takist sátt fyrir sýslumanni skal hún bókuð í sérstakri gerðarbók hans, sbr. 1. másl. 4. mgr. sömu greinar. Takist sátt að nokkru leyti, en ekki öllu, fer um framhald máls fyrir dómi eftir 2. mgr. 108. gr. laganna og verður þá málið rekið áfram að öðru leyti, nema í þeim tilvikum þar sem sátt tekst um annað en málskostnað en þá skal hann ákveðinn með úrskurði. Samkvæmt 1. másl. 5. mgr. 107. gr. felur sátt, sem gerð er fyrir sýslumanni, í sér lok dómsmáls, eftir atvikum að því leyti sem sátt hefur tekist. Þá má fullnægja skyldu samkvæmt sátt sem tekst fyrir sýslumanni með aðför, sbr. 2. másl. 5. mgr. 107. gr. laganna.

---

<sup>104</sup> „Sáttaumleitun sýslumanna í einkamálum“ (*Sýslumenn*) <<https://www.syslumenn.is/thjonusta/onnur-thjonusta/sattaumleitun/>> skoðað 1. mars 2021.

## 3.2 Sáttamiðlun í einkamálum á Íslandi

Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir víðtækri notkun sáttamiðlunnar í einkamálum á Norðurlöndunum, auk þess sem rakin hefur verið saga íslensku sáttanefndanna. Verður í kafla þessum leitast við að greina hvaða vægi sáttamiðlun hefur við úrlausn einkamála hérlandis nú til dags.

### 3.2.1 Sáttamiðlun í höndum sýslumanna

Líkt og kveðið er á um í 107. gr. eml. er sýslumanni, í þeirri þinghá þar sem viðkomandi mál hefur verið höfðað, fengið það hlutverk að miðla sáttum kjósi deiluaðilar að fara þá leið. Eiga þeir þess kost að vísa ágreiningi til sáttamiðlunar hjá sýslumanni áður en mál hefur verið höfðað, sem og eftir málshöfðun. Er það ólíkt því sem gildir ef sáttá er leitað fyrir dómi eða með atbeina dómara samkvæmt 106. gr. eml., en sú heimild kemur einvörðungu til álita eftir að mál er hafið. Tekur ákvæði 107. gr. eml. til allra ágreiningsmála sem má fara með fyrir dóm, og aðilar fara með forræði á sakarefninu. Jafnt einstaklingum sem og lögaðilum stendur til boða að leita til sýslumanns um sáttamiðlun, en úrræðið getur sérstaklega hentað minniháttar deilumálum. Er sáttamiðlun hjá sýslumanni öllum aðilum að kostnaðarlausu.<sup>105</sup>

### 3.2.2 Tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2007

Hér á árum áður var starfrækt dómstólaráð sem fór með yfirstjórn stjórnarsýslu héraðsdómstólanna og starfaði á grundvelli dómstólalaga nr. 15/1998. Árið 2007 gekk í gildi tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2007 um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum. Samkvæmt tilkynningunni gat héraðsdómari ákveðið að fram færi sáttamiðlun, en við þá ákvörðun skyldi hann líta til afstöðu málsaðila til sáttamiðlunar og líkur á því að sættir mundu nást. Jafnframt skyldi hann líta til fyrri sáttaumleitana í málinu sem og aðstöðu aðila að öðru leyti. Sáttamiðlun fór þó ekki fram gegn vilja málsaðila. Einungis dómurum sem lokið höfðu námskeiði í sáttamiðlun var heimilt að leita sáttá sem sáttamiðlarar, en þeim dómara sem fékk máli úthlutað var falið að leita sáttá. Áttu sáttafundir að vera haldnir utan dómstóla fyrir luktum dyrum. Skyldu aðilar máls, eða aðilar sem bærir voru til þess að binda lögaðila, mæta sjálfir á sáttafund, en þeim var heimilt að mæta með lögmann sér til aðstoðar. Þá gat sáttamiðlari haldið sameiginlega fundi með báðum málsaðilum, sem og einkafundi. Var hlutverk sáttamiðlara meðal annars að draga fram þá hagsmuni aðila sem leitt gátu til þess að málinu yrði lokið með sátt, sem og setja fram tillögur að niðurstöðu í máli undir vissum kringumstæðum og benda á

---

<sup>105</sup> sama heimild.

atriði í málatilbúnaði aðila sem máli gátu skipt við niðurstöðu málsins. Aukinheldur ákvað hann að hvaða marki sönnunarfærsla skyldi fara fram undir sáttameðferð máls, sem fór þó ekki fram gegn mótmælum annars hvors aðilans. Ef sátt náðist ekki í máli skyldi því haldið áfram við viðkomandi dómstól, en við þær aðstæður skyldi sáttamiðlari ekki fara með málið frekar, nema aðilar óskuðu sérstaklega eftir því.<sup>106</sup> Má þess geta að um mitt ár 2008 var komið upp sérstöku herbergi til sáttaumleitana í Héraðsdómi Reykjavíkur í tengslum við tilkynninguna.<sup>107</sup>

Með gildistöku nágildandi dómstólalaga nr. 50/2016 var dómstólaráð lagt niður og var sameiginleg stjórnýsla dómstigana þriggja færð undir dómstólasýsluna, sbr. 5. gr. laganna og athugasemdir við greina í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/2016.<sup>108</sup> Við þessa breytingu féllu tilkynningar dómstólaráðs úr gildi, en dómstólasýslan hefur ekki gefið út álíka tilkynningu um sáttamiðlun. Engum gögnum er fyrir að fara um hversu mörgum málum var vísað í þennan farveg á meðan tilkynning nr. 2/2007 var í gildi, en áætla má að í október árið 2009 hafi slík mál verið um 20 talsins og jafnframt að um 75% þeirra hafi lokið með sátt.<sup>109</sup>

### **3.2.3 Tilraunaverkefni um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum**

Árið 2007 var ráðist í tilraunaverkefni um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum, og tóku flestir héraðsdómstólar landsins þátt.<sup>110</sup> Sáttamiðlunin fór því ekki fram á grundvelli 107. gr. eml. þar sem sáttameðferð er í höndum sýslumanna, heldur var dómurum látið hlutverk sáttamiðlara í té, sbr. 106. gr. eml. Áður hafði Sátt, félag um sáttamiðlun staðið fyrir yfirgripsmiklu námskeiði í sáttamiðlun þar sem uppfærðsla var í höndum danskra fræðimanna, auk þess sem Dómstólaráð stóð fyrir námskeiði fyrir dómara þar sem norskir dómarar miðluðu þekkingu sinni á úrræðinu.<sup>111</sup> Verður hér stuttlega gerð grein fyrir þeirri útfærslu á sáttamiðlun sem notast var við í tilraunaverkefninu.

Kom það í hendur þess dómara sem fékk viðkomandi máli úthlutað að annast sáttamiðlun, og nefndist hann í því hlutverki sáttamiðlari. Ef sáttir náðust eigi á milli aðila með sáttamiðlun gat sá dómari orðið vanhæfur til þess að dæma í málinu, en það byggðist á því sjónarmiði að tryggt væri að sáttamiðlari hefði þá stöðu að báðir málsaðilar gætu treyst honum til fulls. Á sáttamiðlara hvíldi sú skylda að gæta trúnaðar um allar þær upplýsingar sem hann öðlaðist við sáttamiðlunina, og jafnframt gagnvart þeim dómara sem síðar kynni að dæma

<sup>106</sup> Tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2007 um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum.

<sup>107</sup> Helgi I. Jónsson, „Reynslan af sáttamiðlun í einkamálum“ (2009) 15 (3) Lögmannablaðið 26.

<sup>108</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1017 - 615. mál, athugasemdir við 5. gr.

<sup>109</sup> Helgi I. Jónsson (n. 107).

<sup>110</sup> Símon Sigvaldason (n. 36) 20.

<sup>111</sup> sama heimild.

málið. Stóð sáttamiðlun aðilum málsins til boða eftir að greinargerð var skilað af hálfu stefnda og fór hún fram utan dómsala og á lokuðum fundum. Með því var leitast við að gera umhverfið „vinalgra“ en hið opinbera umhverfi dómstóla. Litið var svo á að þótt ekki tækjust sættir með aðilum gæti sáttamiðlun engu að síður stuðlað að því að aðalmeðferð málsins gengi greiðar fyrir sig, og leitt til þess að málið yrði einfaldara og skýrara við meðferð þess fyrir dómi.<sup>112</sup>

Ekki liggur fyrir töluleg úttekt um árangur tilraunaverkefnisins og er því ekki vitað hve mörg mál fóru í sáttamiðlunarferli meðan á verkefninu stóð.

### 3.3 Er sáttamiðlun vannýtt úrræði í einkamálum?

Engum tölulegum gögnum er fyrir að fara hversu mörgum einkamálum hefur lokið með sáttamiðlun á undanförunum árum. Þó má draga vissar ályktanir af því að eftir að tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2007 tók gildi þann 23. apríl 2007 þá hafi einungis 20 mál verið sett í farveg sáttamiðlunar í októbermánuði árið 2009. Til þess að setja þann fjölda í samhengi má nefna að á árunum 2007-2009 voru alls 56.215 einkamál þingfest hjá héraðsdómstólum landsins, þar af voru 4.110 mál munnlega flutt og 52.105 mál skriflega flutt.<sup>113</sup> Ef einungis er miðað við þau mál sem voru munnlega flutt má segja að um 0,5% mála hafi farið í sáttamiðlunarferli og tæplega 0,4% mála verið leyst með sáttamiðlun. Þó ber að hafa þann fyrirvara á að ekki er um að ræða staðfestan fjölda mála sem fóru í sáttamiðlunarferli á tímabilinu, meðal annars sökum þess að grein sú sem vitnað er í var skrifuð í október árið 2009. Auk þess ber að halda því til haga að ávallt er töluverður fjöldi mála sem sökum eðlis eru ekki hæf til sáttamiðlunar.

Allt að einu veita tölurnar sterka vísbendingu um hve lítil áhersla virðist vera lögð á sáttamiðlun hjá dómstólum landsins. Sérstaklega áhugavert er að bera tölur þessar saman við framkvæmdina í Noregi en líkt og áður hefur verið rakið fara um 80-90% einkamála fyrst til sáttanefnda og endar aðeins lítill hluti þeirra fyrir dómstólum. Ef litið er til álitis dómaraustéttarinnar þá hefur Símon Sigvaldason, landsréttardómari og fyrrverandi héraðsdómari, sagt að sáttamiðlun verði vart talin fullkomlega brúkað fyrirbæri í tengslum við úrlausn ágreiningsmála fyrir dómstólum hérlendis.<sup>114</sup> Þá telur Helgi I. Jónsson, fyrrverandi varaforseti Hæstaréttar og dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, að þrátt fyrir góða reynslu af úrræðinu sé mála fjöldinn lítill þar sem því hefur verið beitt.<sup>115</sup> Enn fremur má nefna að ákvæði 107. gr. eml. um sáttamiðleitun hjá sýslumanni er verulega vannýtt í íslensku stjórnkerfi og

---

<sup>112</sup> sama heimild 20–21.

<sup>113</sup> „Útgáfa og fræðsla: Tölfræðiupplýsingar: 2015“ (*Héraðsdómstólar*) <<https://www.heradsdomstolar.is/tolfraedi/>> skoðað 15. apríl 2021.

<sup>114</sup> Símon Sigvaldason (n. 36).

<sup>115</sup> Helgi I. Jónsson (n. 107).

löggjöf að mati Sýslumannafélags Íslands.<sup>116</sup> Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið má með vissu segja að sáttamiðlun sé vannýtt úrræði í einkamálum hérlendis.

### **3.3.1 Hvi er sáttamiðlun ekki beitt í fleiri einkamálum?**

Ekki þykir unnt að fullyrða neitt um ástæður þess að notkun sáttamiðlun í einkamálum sé ekki meiri en raun ber vitni, en þó má telja ljóst að um samverkandi þætti sé að ræða. Í fyrsta lagi verður hér dregin sú ályktun að rötina megi að miklu leyti rekja til almennrar vanþekkingar á úrræðinu, sem birtist meðal annars í því að deiluaðilar séu almennt illa upplýstir um úrræðið þegar þeir kjósa að leggja ágreining sinn fyrir dóm. Þá bendir Helgi I. Jónsson á að dómara hafi haft á orði að innan lögmannaastéttarinnar séu margir hverjir lítt, eða yfir höfuð ekki meðvitaðir um þennan málsmeðferðarmöguleika.<sup>117</sup> Má einnig velta upp þeim möguleika að ekki sé einungis vanþekkingu á meðal lögmanna um að kenna, heldur sé hvatinn til þess að fara með mál hina hefðbundnu dómstólaleið einfaldlega meiri fyrir lögmenn. Annars vegar getur hvatinn skýrst af því að í lögum um lögmenn nr. 77/1998 er kveðið á um skilyrði þess að geta hlotið málflutningsréttindi og í 9. gr. laganna eru talin upp þau skilyrði sem lögmaður þarf að uppfylla vilji hann öðlast málflutningsréttindi fyrir Landsrétti. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar þarf viðkomandi að hafa flutt að minnsta kosti 15 einkamál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstól sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Landsréttar, eða fengið hafa leyfi Landsréttar til áfrýjunar. Sé máli vísað í farveg sáttamiðlunar er skilyrðum greinarinnar ekki fullnægt, og gæti því úrræðið virkað sem hindrun í vegi þeirra sem öðlast vilja slík réttindi. Hins vegar getur hvatinn verið af fjárhagslegum toga, þar sem ágreiningsmál leysast gjarnan á skömmum tíma í sáttamiðlun, en hefðbundin dómsmál taka yfirleitt mun lengri tíma með tilheyrandi þörf fyrir aðstoð lögmanna. Gætu því einhverjir talið aukinn fjárhagslegan ávinning felast í hinni hefðbundnu dómstólaleið. Hvað dómara varðar þá þykir ljóst að áhugi og áhersla þeirra á sáttamiðlun er mismikil. Á meðan tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2007 var í gildi, og sérstöku herbergi var komið komið upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, voru dómara vel meðvitaðir um úrræðið. Reyndu sumir fyrirkomulagið oft en einu sinni, en þó voru einhverjir sem létu aldrei á það reyna.<sup>118</sup> Vitað er um einstaka héraðsdómara sem hafa á síðustu áratugum tekið sáttahlutverki sínu alvarlega og lagt á það áherslu að mál séu leyst með sátt, en það heyri þó fremur til undantekninga.<sup>119</sup> Þá hefur Símon Sigvaldason sagt að til

---

<sup>116</sup> Sýslumannafélag Íslands, „Umsögn Sýslumannafélags Íslands um mál nr. 91/2021 í samráðsgátt stjórnvalda“, um 6. gr. frumvarpsins.

<sup>117</sup> Helgi I. Jónsson (n. 107).

<sup>118</sup> sama heimild.

<sup>119</sup> Páll Sigurðsson (n. 3) 106.

sé sá flokkur dómara sem líti einfaldlega svo á að þar sem mál sé komið til kasta dómstóla séu almennt litlar líkur á að sættir takist. Að hans mati megi með nokkurri sanngirni segja að almennt megi dómarar vera virkari við að leita sátta með aðilum.<sup>120</sup>

Í annan stað má velja því upp hvort betri árangur hefði náðst með tilkynningu dómstólaráðs nr. 2/2007, og jafnframt í tilraunaverkefninu um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum, með bættri framkvæmd. Kemur þar fyrst til skoðunar hvort sú ráðstöfun að koma upp sérstöku herbergi til sáttaumleitana í Héraðsdómi Reykjavíkur hafi þjónað tilgangi sínum sem skyldi. Í hugmyndafræði sáttamiðlunar spilar vingingjarnlegt og hlutlaust umhverfi mikilvægt hlutverk,<sup>121</sup> en deila má um hvort slíkt herbergi uppfylli þau skilyrði í því ljósi að vera staðsett í húsnæði héraðsdóms. Þá var dómurum falið hlutverk sáttamiðlara, og áherslan því lögð á sáttamiðlun fyrir dómi. Mögulega hefði farið betur að einblína í frekari mæli á sáttamiðlun utan réttar líkt og gert er í Noregi þar sem stór hluti einkamála leysast fyrir Ágreiningsráðinu og sáttanefndnum, samanber umfjöllun í kafla 2.1.1. Liggja þar að baki sjónarmið um að létta álagi af dómstólum landsins, sem er ein megin röksemdarfærslan fyrir aukinni notkun sáttamiðlunar. Auk þess eru dómarar misjafnlega áhugasamir um notkun úrræðisins, líkt og rakið er hér að ofan, og því gæti farið betur að sérfræðingar á sviði sáttamiðlunar önnuðust hana í stað dómara.

Í þriðja lagi verður seint sagt að íslensk löggjöf sé til þess fallin að stuðla að notkun sáttamiðlunar í einkamálum. Líkt og áður segir er hér ekki fyrir að fara heildstæðum lagabálki um sáttamiðlun í einkamálum líkt og tíðkast víða erlendis, og þá hefur dómstólasýsflan ekki birt tilkynningu um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum líkt og áður voru í gildi. Verða í kafla 5 kynntar hugmyndir að réttarbótum sem aukið gætu notkun sáttamiðlunar í einkamálum.

## 4 Sáttamiðlun í sakamálum

Kemur hér til skoðunar með hvaða hætti sáttamiðlun getur gagnast við meðferð sakamála. Uppbyggileg réttvísi (e. *restorative justice*) er heiti hugmyndafræði sem hefur vaxið fiskur um hrygg í réttarkerfum víða um heim,<sup>122</sup> en í henni felst að leitast er við að ná sáttum á milli brotamanns og brotþola í kjölfar afbrots. Er sáttamiðlun sú aðferð sem oftast er beitt við þetta ferli, en þá eru brotamaður og brotþoli leiddir saman í því skyni að koma hinum brotlega í

---

<sup>120</sup> Símon Sigvaldason (n. 36) 20.

<sup>121</sup> Eva Margrét Kristinsdóttir (n. 16) 21.

<sup>122</sup> Hrafnhildur Valdimarsdóttir, „Uppbyggileg réttvísi“ (ML ritgerð, Háskólinn á Bifröst 2011) 20 <[https://skemman.is/bitstream/1946/13448/1/Hrafnhildur\\_Valdimarsdottir\\_lokaritgerdhaust2011.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/13448/1/Hrafnhildur_Valdimarsdottir_lokaritgerdhaust2011.pdf)> skoðað 31. janúar 2021.

skilning um þau rangindi sem hann hefur viðhaft, og fá hann til þess að friðmælast við brotþola. Er markmiðið að þeir komist að samkomulagi um málalok.<sup>123</sup>

Í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra um tilraunaverkefnið Hringinn frá 21. apríl 2004 er fjallað um kosti sáttamiðlunar við meðferð sakamála. Að mati nefndarinnar má í fyrsta lagi nefna þann kost að úrlausn minniháttar mála sé færð til einstaklinganna sjálfra, sem gefi möguleika á skjótvirkari meðferð mála og með því sé ákveðinn þungi tekinn af ákærvaldinu. Í annan stað sé réttarstaða brotþola styrkt þar sem hann á beina aðild að ákvarðanatöku um hvernig málinu er lokið. Í þriðja lagi sé samleiðing brotamanns og brotþola til þess að ljúka máli með sáttamiðlun líklegri til að hafa sérstök varnaðarhrif á brotamann en hinar hefðbundnu aðferðir.<sup>124</sup>

#### 4.1 Lagastoð fyrir beitingu sáttamiðlunar í sakamálum

Heimild til þess að ljúka sakamálum með sáttamiðlun hefur lagastoð í b-lið 3. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.<sup>125</sup> Er þar mælt fyrir að um að falla megi frá saksókn hafi sakborningur og brotþoli komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti. Kom ákvæðið inn sem nýmæli með lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, en í upphaflegu frumvarpi dómsmálaráðherra var gert að skilyrði samkvæmt greininni að slíkt samkomulag hafi komist á að undangenginni sáttamiðlun. Í athugasemdum við téða grein í frumvarpinu kom jafnframt fram að með því að nefna úrræðið sérstaklega hafi verið gengið út frá því að til þess mætti grípa með þeim réttaráhrifum, ef vel tækist til, að fallið yrði frá saksókn gegn sakborningi.<sup>126</sup>

Eftir 1. umræðu á þingi gekk málið til allsherjarnefndar sem skilaði af sér nefndaráliti þar sem lagðar voru til breytingar á frumvarpinu. Meðal annars var lögð fram eftirfarandi tillaga varðandi breytingu á b-lið 3. mgr. 146. gr. laganna:

Þótt sú aðferð [sáttamiðlun] við að ná sáttum milli hins brotlega og þess, sem hann hefur brotið gegn, hafi margt til síns ágætis verður ekki séð að þessi heimild til niðurfellingar saksóknar skuli einskorðuð við hana. Því er lagt til að orðin „að undangenginni sáttamiðlun“ falli brott.<sup>127</sup>

<sup>123</sup> Fyrirmæli ríkissaksóknara um sáttamiðlun nr. 8/2017, kafli 1.2.

<sup>124</sup> „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (n. 42) 32.

<sup>125</sup> Fyrirmæli ríkissaksóknara um sáttamiðlun nr. 8/2017, kafli 1.1.

<sup>126</sup> Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál., athugasemdir við 146. gr., b-lið 3. mgr.

<sup>127</sup> Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 1153 - 233. mál, nefndarálit frá allsherjarnefnd.



Náði breyting þessi fram að ganga og er því ekki gert að skilyrði samkvæmt nágildandi b-lið 3. mgr. 146. gr. sml. að samkomulag hafi komist á að undangenginni sáttamiðlun. Hins vegar er það engum vafa undirorpið að sáttamiðlun eigi undir greinina, samanber orðalagið að heimildin skuli ekki einskorðuð við sáttamiðlun.

## 4.2 Sáttamiðlun í sakamálum á Íslandi

Ljóst er að sáttamiðlun hefur fest sig í sessi sem raunhæfur og skynsamur kostur í sakamálum víðsvegar um Norðurlöndin, sem og víða annars staðar, samanber umfjöllun í kafla 2. Ýmis jákvæð teikn eru á lofti hérlendis, en á undanförunum árum hefur verið ráðist í aðgerðir til þess að auka vægi úrræðisins við meðferð sakamála. Verður hér fáeinum slíkum aðgerðum gerð skil og jafnframt hvaða árangri þær hafa skilað.

### 4.2.1 Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum

Árið 2006 kom dómismálaráðherra á fót tilraunaverkefni til tveggja ára um sáttamiðlun í opinberum málum. Hófst verkefnið 1. október 2006 og stóð til 30. september 2008. Skipuð var sérstök nefnd dómismálaráðherra til þess að samræma aðgerðir þeirra sem að verkefninu komu, auk þess sem hún hafði eftirlit með verkefninu (hér eftir eftirlitsnefndin).<sup>128</sup> Ekki gefst hér rúm til ítarlegrar umfjöllunar um framkvæmd verkefnisins, en í stuttu máli náði verkefnið til alls landsins og kom það í hlut lögreglumanna sem hlotið höfðu sérstaka þjálfun að annast sáttamiðlun. Í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 1/2006 var mælt fyrir um skilyrði þess að máli yrði vísað í sáttamiðlun og hvaða sakarefni voru tæk til að hljóta þessa meðferð.<sup>129</sup>

Á tímabili tilraunaverkefnisins var tekin ákvörðun um sáttamiðlun í alls 20 málum hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, en í skýrslunni eru reifaðar með ítarlegum hætti ástæður þess að málin hafi ekki verið fleiri en raun ber vitni. Hjá embættum lögreglustjóra á landsbyggðinni var 24 málum vísað í sáttamiðlun, og lauk þeim öllum með sátt.<sup>130</sup> Úr niðurstöðum spurningalista sem lagðir voru fyrir þátttakendur að sáttafundi loknum má fyrst nefna að tæplega 89% þátttakenda voru sáttir (37,1%) eða mjög sáttir (51,7%) með niðurstöðu sáttafundar. Þá fannst öllum þátttakendum samningurinn hafa verið sanngjarn (86,7%) eða að mestu leyti sanngjarn (13,3%). Að lokum má nefna að 85% þátttakenda myndu taka þátt í

---

<sup>128</sup> Eftirlitsnefnd með tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum, „Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum - stöðuskýrsla til dómismálaráðherra“ (Dómismálaráðuneytið desember 2007) 3  
<[https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Stoduskyrsla\\_sattamidlun.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Stoduskyrsla_sattamidlun.pdf)>  
skoðað 1. febrúar 2021.

<sup>129</sup> sama heimild 3–4.

<sup>130</sup> sama heimild 7–8.

sáttamiðlun aftur ef tilefni væri til, og tæplega 90% kváðust mæla með sáttamiðlun við aðra í sömu sporum.<sup>131</sup>

Annars vegar var tilgangur verkefnisins að vera til hagsbóta fyrir þolendur, en einnig fyrir gerendur og samfélagið í heild sinni. Er það mat eftirlitsnefndarinnar að markmiði þessu hafi verið náð, líkt og svör þátttakenda við spurningalistum bera með sér. Í annan stað var talið að beiting úrræðisins hjá lögreglu gæti leitt til einfaldari lausn mála með meðfylgjandi skilvirkni og hagræði í réttarkerfinu. Telur nefndin að árangurinn af því markmiði hafi verið nokkuð góður, en þó hafi færri mál farið í farveg sáttamiðlunar en búist var við í upphafi. Á því séu þó eðlilegar skýringar og úr því megi bæta með þróun úrræðisins og aukinni reynslu sáttamanna.<sup>132</sup>

#### **4.2.2 Fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 2/2021**

Í tengslum við téð tilraunaverkefni var ríkissaksóknara falið af dómsmálaráðherra að útfæra nánar tiltekna þætti og árið 2017 tóku í gildi fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 8/2017 um sáttamiðlun, sem byggðu á niðurstöðum lokaskýrslu eftirlitsnefndarinnar.<sup>133</sup> Þann 2. mars 2021 tóku svo gildi ný fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 2/2021 um sáttmiðlun, og komu þau í stað eldri fyrirmæla. Eru fyrirmælin sett á grundvelli 1. mgr. 21. gr. sml. en samkvæmt ákvæðinu gefur ríkissaksóknari út almenn fyrirmæli um meðferð ákærvalds sem ákærendum er skylt að hlíta.

Er í hinum nýju fyrirmælum mælt fyrir um að sáttamiðlun skuli standa til boða í umdæmum allra lögreglustjóra. Við greiningu og ákvörðun um meðferð máls skulu ákærandi og lögreglufaglegur rannsóknarstjórnandi hvers máls, sbr. fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 2/2018 um rannsóknaráætlanir, kanna hvort sakarefni og umbúnaður máls uppfylli skilyrði svo vísa megi því til sáttamiðlunar. Tilnefna skal a.m.k. einn verkefnastjóra sáttamiðlunar við hvert lögregluembætti, en hlutverk hans er að halda almennt utan um sáttamiðlun hjá embættinu, vera sáttamaður og útdeila verkefnum til annarra sáttamanna. Ef skilyrði sáttamiðlunar eru til staðar er máli vísað til verkefnastjóra sáttamiðlunar. Hvað sakarefni varðar er það í höndum ákæranda að meta hvort mál, sakarefni og málavextir, sé til þess fallið að verða vísað til sáttamiðlunar. Skiptir miklu við matið að sérstök varnaðaráhrif mæli með slíkri meðferð, og að almenn varnaðaráhrif mæli því ekki sérstaklega í mót. Kemur sáttamiðlun sérstaklega til greina í málum vegna brota gegn 244. gr., 245. gr., 256. gr., 231. gr., 233. gr., 257. gr., 217. gr., 259. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sérstaklega er tekið fram að ekki sé um

---

<sup>131</sup> sama heimild 9–10.

<sup>132</sup> sama heimild 11.

<sup>133</sup> Fyrirmæli ríkissaksóknara um sáttamiðlun nr. 8/2017, kafla 1.1.

tæmandi talningu að ræða. Önnur skilyrði eru meðal annars að gerandi hafi játað brot, að málið sé talið nægjanlega upplýst, og að gerandi og þolandi hafi samþykkt að málinu verði vísað til sáttamiðlunar. Takist sættir er gert um það skriflegt samkomulag og sáttamaður tilkynnir ákæranda um málalok. Má ákærandi þá falla frá saksókn á grundvelli b-liðar 3. mgr. 146. gr. sml. Náist sættir ekki ber sáttamanni að endursenda málið til ákæranda sem tekur þá málið til viðeigandi meðferðar samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Er tiltekið aldurshámark geranda ekki gert að skilyrði sáttamiðlunar, en úrræðið er þó talið sérstaklega æskilegur kostur í málum vegna brota ungmenna 15-21 árs.<sup>134</sup>

#### **4.2.3 Tillögur til aðgerða sem stytta eiga boðunarlista til afplánunar refsinga**

Árið 2020 var skipaður sérstakur starfshópur á vegum dómsmálaráðherra sem fengið var það hlutverk að móta tillögur til úrbóta sem stytta eiga boðunarlista vegna afplánunar refsinga og koma í veg fyrir fyrningu þeirra (hér eftir starfshópur dómsmálaráðherra).<sup>135</sup>

Afrakstur vinnu téðs starfshóps eru sjö tillögur sem birtar voru í júní 2020, og stefna eiga að þessu marki. Þar af snýr ein tillaga að því að heimildir ákæranda til þess að ljúka málum með sáttamiðlun verði rýmkaðar og að sáttamiðlun verði lögfest í lögum um meðferð sakamála. Þá er og lagt til að skipuð verði sérstök nefnd til þess að halda utan um sáttamiðlun. Yrði hlutverk hennar að fylgjast með framþróun úrræðisins hérlendis jafnt sem erlendis, sjá til þess að sáttamenn hljóti viðeigandi þjálfun og að kynna úrræðið fyrir viðeigandi stofnunum og almenningi.<sup>136</sup>

### **4.3 Er sáttamiðlun vannýtt úrræði í sakamálum?**

Þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir virðist svo vera að sáttamiðlun í sakamálum hafi ekki náð markverðri fótfestu hér á landi. Að mati Kolbrúnar Benediktsdóttur, varahéraðssaksóknara, er það sorglegt að sáttamiðlun sé ekki notuð í fleiri málum hér á landi, en mikill sparnaður gæti hlotist af því að nota úrræðið í fleiri málum en gert er. Sé sáttamiðlun einungis nýtt í örfáum

---

<sup>134</sup> sama heimild, kafli 2.

<sup>135</sup> Starfshópur dómsmálaráðherra, „Tillögur starfshóps dómsmálaráðherra til aðgerða sem stytta eiga boðunarlista til afplánunar refsinga“ (Dómsmálaráðuneytið júní 2020) 5 <<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Domsmalaraduneytid/Till%C3%B6gur%20starfsh%C3%B3ps%20d%C3%B3msm%C3%A1lar%C3%A1%C3%B0herra%20til%20a%C3%B0ger%C3%B0a%20sem%20stytta%20eiga%20bo%C3%B0unarlista%20til%20afpl%C3%A1nunar%20refsinga.pdf?fbclid=IwAR2ZUY3IK9UZReJsH6P531f61YgSf8v1NXvEY-wYwamYUrIXMdH0FcPU-3s>> skoðað 1. febrúar 2021.

<sup>136</sup> sama heimild 17–18.

málum árlega.<sup>137</sup> Rýning á tölfræðigögnum yfir sakamál á Íslandi staðfesta þessi orð Kolbrúnar. Fjöldi mála sem lauk með sáttamiðlun hjá lögregluembættum landsins var mestur á meðan á tilraunaverkefninu stóð, samanber umfjöllun í kafla 4.2.1, en árið 2007 lauk samtals 44 málum á landsvísu með sáttamiðlun og 59 málum árið 2008. Þá lauk 48 málum með sáttamiðlun árið 2011 en síðan þá hefur málunum farið sífellt fækkandi. Einungis þremur málum á landsvísu lauk með sáttamiðlun árið 2019, en ekkert þeirra var í umsjón lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.<sup>138</sup> Sama ár var 2.173 ákærumálum lokið hjá héraðsdómstólum landsins,<sup>139</sup> og má því segja að einungis 0,14% slíkra mála hafi lokið með sáttamiðlun. Til samanburðar má nefna að hlutfall sakamála sem fara í sáttamiðlun í Finnlandi er um 20%.

Af ofangreindri umfjöllun verður ekki annað séð en að þrátt fyrir þær aðgerðir sem að ofan hafa verið reifaðar sé sáttamiðlun enn vannýtt úrræði við meðferð sakamála héraðs. Verður það að teljast sérkennilegt í ljósi góðs árangurs tilraunaverkefna, sem og reynslu norrænna ríkja og annarra af notkun sáttamiðlunar í sakamálum.

#### **4.3.1 Hví er sáttamiðlun ekki beitt í fleiri sakamálum?**

Svar við spurningu þeirri er ekki auðfundið, en líkt og varðandi einkamálin er ljóst að um samverkandi þætti er að ræða. Hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gefið þær skýringar að breytt verklag í tilteknum brotaflokkum hafi kostað þá rannsóknarlögreglumenn tíma sem alla jafna hafa séð um sáttamiðlunina, ásamt því að skort hafi námskeið fyrir nýja sáttamenn.<sup>140</sup>

Þá bendir starfshópur dómsmálaráðherra á í skýrslu sinni, samanber umfjöllun í kafla 4.2.3, að hvergi sé getið um hugtakið sáttamiðlun í réttarfarslögum né öðrum lögum sem taka til meðferðar sakamáls þótt gert sé ráð fyrir sáttamiðlun sem skilgreindu úrræði í refsivörslukerfinu. Hvorki séu í lögum né reglugerðum settum með stoð í þeim ákvæði um hverjir séu sáttamenn, þjálfun þeirra, framþróun og svo framvegis. Hins vegar sé fjallað um sáttamiðlun með hliðsjón af aðkomu ákæranda í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 8/2017<sup>141</sup> (nú fyrirmæli nr. 2/2021).

Í athugasemdum við b-lið 3. mgr. 146. gr. í upphaflegu frumvarpi því sem varð að lögum um meðferð sakamála, sem síðar tók breytingum líkt og að ofan er rakið, var mælt svo

---

<sup>137</sup> „Sáttamiðlun allt of sjaldan notuð í sakamálum á Íslandi“ (*Fréttablaðið*, 23. nóvember 2019) <<https://www.frettabladid.is/frettir/sattamidlun-allt-sjaldan-notud-i-sakamalum-islandi/>> skoðað 31. janúar 2021.

<sup>138</sup> Starfshópur dómsmálaráðherra (n. 135) 16.

<sup>139</sup> Dómstólasýslan (n. 34) 27.

<sup>140</sup> Starfshópur dómsmálaráðherra (n. 135) 15.

<sup>141</sup> sama heimild 16.

fyrir að ekki hafi þótt vera þörf á að setja frekari lagareglur um sáttamiðlun að svo stöddu.<sup>142</sup> Þessu er starfshópur dómsmálaráðherra ósammála, og telur hann það óeðlilegt að úrræðið eigi sér ekki beina lagastoð þar sem um sé að ræða úrræði við lyktir sakamáls.<sup>143</sup>

Má og nefna að flest þau ríki sem innleitt hafa sáttamiðlun innan réttarkerfis síns hafa sett á laggirnar einhvers konar nefnd eða ráð sem hafa með höndum stefnumótun, framþróun og eftirlit með úrræðinu. Hefur slíkt verið gert í kjölfar tilraunaverkefnis hér á landi sem fjallað er um í kafla 4.2.1, með skipan framkvæmdastjórnar sáttamiðlunar en sú stjórn er eigi starfrækt í dag.<sup>144</sup>

## 5 Sáttaákvæði í íslenskri löggjöf

Áður hefur þróun og innleiðingu sáttamiðlunar á alþjóðavettvangi verið gerð skil, og vísast þar í kafla 2. Ljóst má vera af umfjöllun þeirri að úrræðið hefur víða unnið sér inn ríkan sess. Ýmist er sáttamiðlun beitt fyrir dómi og gilda þá gjarnan sérstök lög um það úrræði, samanber til dæmis lög nr. 394/2011 um sáttamiðlun í einkamálum í Finnlandi, ellegar að ákvæði um úrræðið má finna í öðrum lögum, líkt og í 27. kafla dönsku réttarfarslaganna. Þá er sáttamiðlun víðsvegar beitt utan réttar, og hafa sum ríki sett lög sem taka sérstaklega til slíkra úrræða, samanber til dæmis lög nr. 2011:860 um sáttamiðlun í einkamálum í Svíþjóð, eða að ákvæði sama efnis megi finna í öðrum lögum. Má þar í dæmaskyni vísa í 7. kafla hinna norsku deilulaga.

Hérlendis virðist ekki vera sömu sögu að segja, en vart verður séð að sáttamiðlun eða öðrum sambærilegum úrræðum sé gert hátt undir höfði í íslenskri löggjöf. Eigi er fyrir að fara heildstæðum lagabálki um sáttamiðlun og fátíð eru sáttamiðlun í lögum, þá sérstaklega þar sem notast er við hugtakið sáttamiðlun. Verður í kafla þessum leitast við að benda á, og skýra þau ákvæði sem ráðgera notkun sáttamiðlunar við úrlausn deilumála í íslenskri löggjöf, hvoru tveggja á sviði opinbers réttar sem og einkaréttar.<sup>145</sup> Aukinheldur verða kynntar tillögur um hvernig auka megi vægi sáttamiðlunar, hvort sem er í formi laga, á vettvangi dómstóla eða utan réttar, og verður þar höfð sérstök hliðsjón af reynslu og þekkingu annarra ríkja sem tekið hafa sáttamiðlun upp á sína arma.

---

<sup>142</sup> Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál., athugasemdir við 146. gr., mgr. 3.

<sup>143</sup> Starfshópur dómsmálaráðherra (n. 135) 17.

<sup>144</sup> sama heimild 15.

<sup>145</sup> Þess má geta að víða er í lögum að finna ákvæði um réttaráhrif þess að aðilar nái sáttum í deilumálum sínum, en það þarf alls ekki að vera að sáttamiðlunarferli leiði til slíkrar niðurstöðu heldur geta aðilar náð sáttum á eigin vegum. Verður því einvörðungu fjallað um þau ákvæði sem ráðgera notkun sáttamiðlunar, en líkt og áður segir falla hugtökin sáttameðferð og sátttaumleitan einnig þar undir.

## 5.1 Opinber réttur

Einu sáttaákvæðin sem finna má í íslenskri löggjöf á sviði opinbers réttar eru ákvæði XV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og b-liðar 3. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála sem að ofan eru reifuð. Er því ekki þörf á að fara fleiri orðum um þau ákvæði.

## 5.2 Tækifæri til innleiðingar sáttamiðlunar á sviði opinbers réttar

Í kafla 3.3 er komist að þeirri niðurstöðu að sáttamiðlun sé vannýtt úrræði í einkamálum hérlendis, hvort sem um ræðir sáttaheimild dómara skv. 106. gr. eml. eða sáttameðferð hjá sýslumanni á grundvelli 107. gr. sömu laga. Ýmis úrræði þykja þó tæk í þeim efnum. Í fyrsta lagi má ætla að heildstæð löggjöf um sáttamiðlun í einkamálum, í samræmi við títtnefnda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/52/EC, gæti reynst mikil réttarbót. Byggja flest önnur Evrópuríki skipan sína á þeirri tilskipun<sup>146</sup> en seint verður deilt um árangur hennar, samanber umfjöllun í kafla 2. Þess má geta að hér á landi eru fyrirtæki sem sérhæfa sig í sáttamiðlun,<sup>147</sup> auk annarra sjálfstætt starfandi sáttamiðlara sem bjóða upp á sáttamiðlun. Hvergi er þó í lögum að finna ákvæði sem taka til sáttamiðlunar utan réttar líkt og til dæmis má finna í 7. kafla hinna norsku deilulaga. Er því til dæmis óljóst hvaða gildi sáttavottorð sem gefin eru út af slíkum aðilum hafa fyrir dómi. Í annað stað má velta því upp hvort endurvekja skuli meginreglu eldri einkamálalaga nr. 85/1936 um að mál verði eigi lagt fyrir dóm án undangenginnar sáttatilaunar, en tiltaka ákveðna málaflokka sem undanþegnir væru eðli þeirra vegna. Búa þau rök þar að baki að miðað við erlenda framkvæmd er talsverður hluti mála sem veltist um í dómskerfi landsins sem unnt væri að leysa úr á fyrri stigum með tilheyrandi tíma- og útgjaldasparnaði, hvoru tveggja fyrir málsaðila og ríkissjóð. Samhliða því myndi álagið á dómskerfið eðli máls samkvæmt minnka. Þessu til stuðnings má rifja upp að árlega eru um 100.000 einkamál tekin fyrir af sáttanefndum í Noregi þar sem slík regla gildir, en einungis eru um 15.000 einkamál þingfest hjá héraðsdómstólum. Að lokum má nefna unnt er með einföldum hætti að virkja betur þær heimildir sem þegar fyrirfinnast, til dæmis með því að leggja ríkari skyldu á dómara að leita sátta á grundvelli 106. gr. eml. Má þess geta að ákvæði 107. gr. laganna hefur ekki tekið breytingum frá setningu þess fyrir 30 árum, en lítið hefur verið aðhafst af hálfu stjórnvalda til þess að stuðla að aukinni notkun þess.<sup>148</sup> Er löggjafanum því í lófa lagið að skerpa á því og beina fleiri málum í farveg sáttamiðlunar hjá sýslumönnum þegar það á við,

<sup>146</sup> Svavar Pálsson, „Minnisblað: Sáttamiðlun – Nýsköpun og umbótahugmyndir“ (Samráðsgátt 2. apríl 2019) 2 <[https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=8ff3929c-7355-e911-9451-005056850474](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=8ff3929c-7355-e911-9451-005056850474)> skoðað 2. maí 2021.

<sup>147</sup> Má hér t.d. nefna fyrirtækin Sáttaleiðin og Tvö skref.

<sup>148</sup> Svavar Pálsson (n. 2) 19.

en sýslumannsembættin þykja vel til þess fallin að sinna almennri sáttamiðlun á þeim lagagrundvelli sem til staðar er.<sup>149</sup>

Sömuleiðis er í kafla 4.3 komist að þeirri niðurstöðu að sáttamiðlun sé vannýtt við meðferð sakamála, en með hliðsjón af reynslu annarra ríkja má leiða líkum að því að breytt verklag og sérstakar aðgerðir gætu ráðið bót á því. Til dæmis telur Snorri Magnússon, fyrrverandi formaður Landssambands lögreglumanna, að mikilvægt sé að auka þekkingu um úrræðið, sem og áherslu á sáttamiðlun í menntun og þjálfun lögreglumanna.<sup>150</sup> Má þó einnig velta því upp hvort vænlegra sé til árangurs að feta í fótspor annarra norrænna ríkja þar sem það er í höndum faglærðra sjálfboðaliða að annast sáttafundi en ekki lögreglumanna.<sup>151</sup> Mætti ætla að aukinni skilvirkni yrði náð með þeim hætti, auk þess sem álagi yrði létt af lögreglu. Þá hefur verið rakið að hvergi í réttarfarslögum né öðrum lögum sem taka til meðferðar sakamáls er getið um hugtakið sáttamiðlun þótt gert sé ráð fyrir því sem skilgreindu úrræði í réttarvörslukerfinu. Má þess geta að í öllum þeim norrænu ríkjum sem fjallað er um í kafla 2.1 eru lögfest ákvæði um sáttamiðlun í sakamálum. Þykir því vera þörf á að styrkja umbúnað sáttamiðlunar í sakamálum með bættu regluverki, þar sem kveðið væri á um fastmótað ferli. Því til stuðnings hefur verið áætlað að ljúka megi 50 til 100 málum á ári með sáttamiðlun væri slíkt ferli til staðar.<sup>152</sup>

Ekki eru þó tækifæri til innleiðingar sáttamiðlunar bundin við réttarfarið, því marka má úrræðinu farveg mun víðar á sviði opinbers réttar. Sérstaklega áhugavert er að líta til Skotlands í þeim efnum en þar er notast við sáttamiðlun vegna ýmissa mála á sviði stjórnarfars- og sveitastjórnarréttar, til dæmis vegna sorphirðumála, skipulagsmála, umhverfismála, mistaka við lagasetningu og ágreiningsmála er varða veitingu þjónustu. Innan heilbrigðiskerfisins er sáttamiðlun meðal annars beitt í málum er varða ásakanir um vanrækslu heilbrigðisstarfsfólks eða kvartanir vegna umönnunar, sem og í samskiptum stjórnenda og almennra starfsmanna.<sup>153</sup> Þá hefur verið sýnt fram á að notkun sáttamiðlunar við úrlausn stjórnsýslumála leiði til aukinnar skilvirkni, en í fjölda Evrópuríkja, svo sem í Hollandi, Austurríki, Þýskalandi og Bretlandi er notast við úrræðið til að komast hjá ágreiningi eða ná sáttum vegna ákvarðana stjórnvalda.<sup>154</sup> Ljóst er því að tækifærin leynast víða.

---

<sup>149</sup> sama heimild 57–8.

<sup>150</sup> „Sáttamiðlun allt of sjaldan notuð í sakamálum á Íslandi“ (n. 137).

<sup>151</sup> Starfshópur dómsmálaráðherra (n. 135) 15.

<sup>152</sup> sama heimild 17.

<sup>153</sup> Sturrock (n. 46) 7.

<sup>154</sup> Dejan Vučetić, „Is Mediation Viable in Administrative Matters?“ (2016) 14 (4) Law and Politics 495, 495–6.

### 5.3 Einkaréttur

Munu hér sjónir beinast að lagabálkum í íslenskri löggjöf á sviði einkaréttar þar sem gert er ráð fyrir notkun sáttamiðlunar við úrlausn deilumála. Aukinheldur verður frumvarpsdrögum sem til meðferðar eru hjá stjórnvöldum, og innihalda ákvæði um sáttamiðlun, gefinn gaumur.

#### 5.3.1 Barnalög nr. 76/2003

Núgildandi barnalög eru frá árinu 2003 og tóku þau gildi þann 1. nóvember það ár. Með breytingarlögum nr. 61/2012, sem gengu í gildi 1. janúar 2013, samanber og breytingarlög nr. 144/2012, voru gerðar ýmsar veigamiklar breytingar á lögunum frá 2003, en meðal annars kom inn ný grein, 33. gr. a., sem kveður á um skyldubundna sáttameðferð foreldra. Aukinheldur var með breytingarlögunum settur nýr kafli um *réttindi barns* sem er nú 1. grein barnalaga. Í 2. mgr. þeirrar greinar segir að það sem sé barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess, en segja má að ákvæðið sé eins konar leiðarstef laganna.

Í 1. mgr. 33. gr. a. segir: „Áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför er foreldrum skylt að leita sátta samkvæmt þessari grein.“ Skal sýslumaður bjóða aðilum sáttameðferð vegna slíkra mála, en aðilar geta einnig leitað til annarra sem sérfræðipækkingu hafa í sáttameðferð og málefnum barna, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Samkvæmt 1. málsl. 3. mgr. er markmið sáttameðferðar að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn máls sem er barni fyrir bestu, og er það því mat löggjafans að sáttameðferð sé sú leið sem best samræmist 2. mgr. 1. gr. barnalaga. Skal sáttamaður gæta þess að vera hlutlaus í máli og leitast við að draga fram þá hagsmuni sem leitt geta til þess að máli verði lokið með sátt, sbr. 4. mgr. 33. gr. a. Samkvæmt 5. mgr. greinarinnar skal sáttamaður gefa út vottorð um sáttameðferð takist foreldrum ekki að gera samning. Á grundvelli 9. mgr. 33. gr. a. getur ráðherra sett nánari reglur um sáttameðferð. Þann 14. febrúar 2013 setti innanríkisráðherra reglur um ráðgjöf og sáttameðferð samkvæmt 33. og 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum nr. 61/2012 og 144/2012, þar sem finna má ýmis ítarlegri ákvæði um framkvæmd sáttameðferðar. Þess ber að geta að sitjandi dómsmálaráðherra hefur birt téðar reglur.<sup>155</sup>

Áhugavert er að rýna í nefndarálit velferðanefndar um frumvarp til laga nr. 61/2012 um breytingu á barnalögum. Var það mat nefndarinnar að aukin áhersla frumvarpsins á sáttameðferð væri til mikilla bóta og kvaðst hún vona að foreldrar myndu leggja áherslu á að

---

<sup>155</sup> Auglýsing um birtingu á reglum frá 14. febrúar 2013 um ráðgjöf og sáttameðferð samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 nr. 570/2020.



ná sáttum um málefni barns með hagsmuni þess að leiðarljósi. Tók nefndin það sérstaklega fram að starfandi væru aðilar sem sérhæfðu sig í sáttamiðlun í hinum ýmsu málaflokkum, og nýta mætti reynslu þeirra í sáttameðferð þeirri sem lögð væri til í frumvarpinu. Þá hefði reynslan sýnt að þar sem starfrækt hefur verið öflug og markviss sáttameðferð hafi dómum í forsjármálum fækkað og kvaðst nefndin því binda vonir við að færri forsjármál myndu rata alla leið til dómstóla.<sup>156</sup>

Í því skyni að kanna hvaða áhrif tilkoma 33. gr. a. í barnalögin árið 2013 hafði í för með sér var í október 2015 sett af stað verkefni í innanríkisráðuneytinu. Óskað var eftir tölfræðigögnum frá öllum héraðsdómstólum og sýslumannsembættum landsins fyrir árin 2011-2015 og þau borin saman í þeim tilgangi að kanna þau áhrif sem sáttameðferð hafði haft á fjölda rekinna dómsmála eftir breytinguna, og hvort hið breytta fyrirkomulag hafi þjónað tilgangi sínum.<sup>157</sup> Sýndu niðurstöður verkefnisins svo ekki verður um villst að skyldubundin sáttameðferð þjóni tilgangi sínum, en það hafi einkum birst í fækkun höfðaðra dómsmála vegna forsjár eða lögheimilis á landsvísu. Mátti til dæmis merkja 48,7% fækkun slíkra mála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur milli árana 2012 og 2013 þegar lagabreytingin tók gildi. Á sama tíma fjölgaði nýstofnuðum lögheimilis- og forsjármálum hjá sýslumannsembættum landsins, og unnt er því að áætla að foreldrum hafi í auknum mæli tekist að ná samkomulagi og leyst ágreining með samningi í stað hinnar hefðbundnu dómstólaleiðar.<sup>158</sup> Þá sýndu niðurstöður að skyldubundin sáttameðferð hefði haft mælanleg áhrif á fjölda umsókna um gjafsókn, en slíkum umsóknum fækkaði um 41% á milli árana 2012 og 2013. Draga má þá ályktun að slík fækkun gjafsóknaumsókna hafi sparað ríkissjóði umtalsverð útgjöld, enda eru forsjármál að mestu rekin á kostnað hins opinbera vegna gjafsókna.<sup>159</sup> Þess ber sérstaklega að geta að aðeins í um helmingi mála þar sem sáttavottorð voru gefin út hjá sýslumanni var mál höfðað fyrir dómstólum. Að lokum var talið var sáttameðferð væri almennt til þess fallin að auka ánægju aðila með niðurstöðu mála og myndi jafnframt leiða til bættra samskipta foreldra.<sup>160</sup>

---

<sup>156</sup> Alþt. 2011-2012, A-deild, þskj. 1427 - 290. mál, nefndarálit velferðarnefndar í 2. umræðu á Alþingi.

<sup>157</sup> „Áhrif sáttameðferðar í forsjármálum sbr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003“ (Innanríkisráðuneyti júlí 2016) 2 <[https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/sattamedferd\\_lokaskyrsla-avefinn.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/sattamedferd_lokaskyrsla-avefinn.pdf)> skoðað 13. apríl 2021.

<sup>158</sup> sama heimild 3–8.

<sup>159</sup> sama heimild 9.

<sup>160</sup> sama heimild 11–12.

### 5.3.2 *Hjúskaparlög nr. 31/1993*

Í VI. kafla hjúskaparlaga nr. 31/1993 sem gildi tóku þann 1. júlí 1993 má finna ákvæði um hjónaskilnaði, og í 42. gr. þess kafla er fjallað um sáttaumleitan á milli hjóna. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er hjónum skylt að leita satta áður en skilnaður er veittur, enda eigi þau ósjálfráða barn, annað eða bæði, er þau hafa forsjá fyrir. Það á þó ekki við ef hjón krefjast sameiginlega lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng, sbr. 1. mgr. 36. gr. laganna. Samkvæmt 4. mgr. 42. gr. er það í höndum presta, löggiltra forstöðumanna trúfélaga og lífsskoðunarfélaga, eða einstaklinga sem starfa í umboði slíkra félaga og fengið hafa löggildingu dómstólaráðuneytisins að leita um sættir, en þó einnig sýslumanna eða dómara, eftir því hvar mál er til meðferðar, við tiltekna aðstæður.

Í athugasemdum við 42. gr. í frumvarpi því sem varð að hjúskaparlögum nr. 31/1993 segir að með sáttum sé hjónum er hygga á skilnað búinn vettvangur til þess að ræða mál sín við hlutlausan aðila en hann skal kanna hvort einhver grundvöllur sé að framhaldi hjúskaparins. Þá segir að rætt hafi verið hvort réttmætt væri að halda í skyldubundnar sáttir, en til dæmis hafi verið horfið frá skyldubundinni sáttahögun í slíkum málum í Finnlandi og Svíþjóð. Hafi sú leið verið valin að skyldubinda sáttaumleitan þegar hjón eiga börn undir 16 ára aldri, en þar hafi tillit til barnanna vegið þungt. Þá er tekið fram að sérstaklega rík ástæða sé til þess fyrir hjón sem börn eiga að ræða við sáttasemjara, og þjóðfélagshagsmunir bjóði að þá sé stuðlað að sáttatilraunum.<sup>161</sup>

### 5.3.3 *Höfundalög nr. 73/1972*

Þann 29. nóvember 1972 tóku í gildi höfundalög nr. 73/1972. Með breytingarlögum nr. 9/2016 voru gerðar allnokkrar breytingar á lögnum, en þ. á m. komu inn þrjár nýjar greinar, 26. gr. a – 26. gr. c., sbr. 14. gr. breytingarlaganna. Í 26. gr. a. er mælt fyrir um svokallað sanningskvaðaleyfi, en í einföldu máli felur það í sér að samtök rétthafa gera samning við notanda um þar tilgreinda hagnýtingu verka og fær þá sá notandi rétt til þess að hagnýta önnur verk sömu tegundar þó að samtökin komi ekki fram fyrir hönd höfunda þeirra verka, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Í 1. mgr. 26. gr. c. segir að náist ekki samningar sem sanningskvaðaleyfi skv. 1. mgr. 26. gr. a. verður byggt á geti aðili að sanningsumleitunum farið fram á sáttameðferð. Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. c. skal krafa um sáttameðferð send til ráðherra og má bera slíka kröfu fram þegar einn af aðilunum hefur slitið sanningsumleitunum eða hafnað ósk um sanningsumleitun, eða ekki verður séð að sanningsumleitunir muni leiða til lausnar. Skal

---

<sup>161</sup> Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 369 - 273. mál, athugasemdir við 42. gr.

sérstakur sáttasemjari, tilnefndur af ráðherra, annast sáttameðferð og skal hann vera óháður sammingsaðilum og ekki hafa persónulegan ávinning af niðurstöðunni, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Á grundvelli 4. mgr. sömu greinar getur sáttasemjari borið fram tillögu um lausn deilumáls og jafnframt krafist þess að tillagan verði borin undir ákvörðunarbærar stofnanir sammingsaðila til samþykktar eða synjunar. Samkvæmt 6. mgr. greinarinnar er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um starf sáttasemjara og kostnað vegna starfa hans, en slíkar reglur hafa þó eigi verið settar.

#### **5.3.4 Lög nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála**

Þann 1. janúar 2020 en tóku gildi lög nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála en með lögnum var meðal annars innleidd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 524/2013 frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda með rafrænni málsmeðferð á netinu og tilskipun 2009/22/EB, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Aukinheldur var með lögnum innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla, sbr. 1. mgr. 22. gr. laganna, en um þá tilskipun var fjallað í kafla 2.

Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Úrskurðaraðili í skilningi laganna er „sérhver aðili sem lög þessi taka til og býður lausn deilumála með málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla,“ sbr. 1. tölul. 4. gr. laganna. Á grundvelli 1. mgr. 8. gr. getur ráðherra viðurkennt úrskurðaraðila, en í 3. másl. 3. mgr. sömu greinar segir að ráðherra sé heimilt að kveða á um í reglugerð að úrskurðaraðilar geti notað sáttamiðlun í málsmeðferð sinni. Ekki hefur ráðherra þó sett slíka reglugerð.

Í athugasemdum við 3. mgr. 8. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 81/2019 segir að notkun sáttamiðlunar hafi ekki tíðkast í neytendarétti hérlendis, en rétt þygi að ráðherra hafi möguleika á að kveða á um slíka meðferð sé tilefni til þess.<sup>162</sup> Má af orðum þessum, og þeirri staðreynd að eigi hefur verið sett reglugerð um sáttamiðlun á grundvelli heimildarinnar, draga þá ályktun að takmörkuð áhersla sé lögð á notkun sáttamiðlunar við úrlausn slíkra mála heldur fremur að komist sé að niðurstöðu með úrskurði. Svipar úrræðinu því frekar til hefðbundinna dómstóla eða gerðardóms. Veldur það því nokkrum vonbrigðum að sáttamiðlun hafi ekki verið gert hærra undir höfði en raun ber vitni.

---

<sup>162</sup> Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1062 - 649. mál, athugasemdir við 8. gr., mgr. 3.

### **5.3.5 Lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl. og landskiptalög nr. 46/1941**

Í lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. er í meginatriðum kveðið á um skyldu til þess að setja jörðum, húsmannabýlum, hjáleigum, þurrabúðum og fleiri tegundum fasteigna merki, og jafnframt að halda þeim við.<sup>163</sup> Berist sýslumanni tilkynning um að ákvæðum laganna um að merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja sé eigi fyllt eftir skal hann kveðja þá sem hlut eiga að máli á sinn fund og beina því til þeirra að ráða bót á, sbr. 1. másl. 3. mgr. 6. gr. laganna. Þá segir í 2. másl. sömu málsgreinar að gæti ágreinings á milli aðila um landamerki skuli sýslumaður leita sátta um hann. Náskylt ákvæði má og finna í 9. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 sem kveður á um sáttahlutverk matsmanna sýslumanns vegna ágreinings um aðliggjandi landamerki við meðferð landskiptamála.

Áhugavert er að líta til frumvarps til laga nr. 29/1965 um breytingu á landamerkjalögum nr. 41/1919 sem samþykkt var samhljóða á sínum tíma. Var með breytingarlögum gerð breyting á 8. gr. laganna og var þá dómara falið að leita sátta vegna ágreinings um landamerki, ítak eða merkjaskrá, en mælt var með ítarlegum hætti fyrir um framkvæmd sáttaumleitunar. Jafnframt var gerð breyting á 9. gr. laganna þar sem kveðið var á um áframhaldandi meðferð máls ef sáttatilraun skv. 8. gr. yrði árangurslaus.<sup>164</sup> Með 6. gr. laga nr. 92/1991 um breytingu á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl. voru téðar greinar felldar á brott, og nýrri málsgrein, 3. mgr., bætt við 6. gr. landamerkjaloganna og sýslumanni fengið sáttahlutverk. Hefur verið á það bent að sáttahlutverk það sem sýslumönnum er falið samkvæmt núgildandi landamerkjalögum sé á margan hátt óljóst og ófullnægjandi.<sup>165</sup> Taka verður undir það, en ekki verður annað séð en að eldri ákvæði hafi verið mun nákvæmari hvað framkvæmd sáttaumleitunar varðar. Er þó fyrirhuguð bót á því, samanber nánar í næsta kafla.

### **5.3.6 Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.)**

Er þetta er skrifað eru í samráðsgátt stjórnvalda til meðferðar drög að frumvarpi forsætisráðherra til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna. Um umfangsmikið frumvarp er að ræða, en meðal annars er í 6. gr. frumvarpsins lagðar til breytingar á lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, meðal annars með tilkomu 1. kafla A. Samkvæmt nýrri 6. gr. g. skal sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans leita sátta í

<sup>163</sup> Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.) nr. 91/2021 12.

<sup>164</sup> Alþt. 1964-1965, A-deild, þskj. 29 - 28. mál, 1. gr.

<sup>165</sup> Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.) nr. 91/2021 28; Sýslumannafélag Íslands (n. 116), um 6. gr. frumvarpsins.

ágreiningi eigenda um merki milli fasteigna, og kallar hann sér til aðstoðar leyfishafa samkvæmt nýrri 6. gr. c, en leyfishafar mega einir taka að sér að gera merkjalýsingar og þurfa þeir að uppfyllta tiltekin skilyrði um sérþekkingu sem útlustuð eru í greininni. Ráðgert er að sáttameðferð verði skyldubundin og skilyrði þess að höfðað verði mál um slíkan ágreining, sbr. ný 6. gr. i. Enn fremur segir í 6. gr. g. að teljist mál nægjanlega upplýst skuli sýslumaður leggja fram sáttatillögu, og náist sátt um merki fasteigna skal sýslumaður senda hana til Þjóðskrár Íslands. Takist sættir aftur á móti ekki gefur sýslumaður út vottorð þess efnis. Samkvæmt nýrri 6. gr. h. skal sýslumaður úrskurða um skiptingu málskostnaðar vegna sáttameðferðar.<sup>166</sup>

Í athugasemdum við 6. gr. g. segir að með greininni sé leitast við að skýra það sáttahlutverk sem sýslumönnum er falið í lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl., en líkt og að ofan var rakið hefur sáttahlutverk sýslumanna samkvæmt þeim lögum þótt óljóst. Eru rökkin fyrir skyldubundinni sáttaumleitun, áður en lengra er haldið með ágreiningsmál, sögð vera að almennt hafi meðferð mála hjá stjórnvöldum í för með sér lægri málskostnað fyrir málsaðila, auk þess sem málsmeðferðartími sé að jafnaði styttri. Þá séu sýslumannsembættin staðsett víðsvegar um landið, og sé því oft fyrir hendi sérþekking sem vel getur nýst í slíkum málum.<sup>167</sup>

Ofantalín ákvæði þykja áhugaverð fyrir ýmsar sakir. Annars vegar er lagt til að tekin verði upp skyldubundin sáttameðferð hjá sýslumanni áður en mál er höfðað um merki á milli fasteigna. Af þessu verður ekki annað séð en að verið sé að endurvekja forna löggjafarhugsun og skírskota í þá meginreglu eldri einkamálalaga nr. 85/1936, sem fjallað er um í kafla 3, að mál verði eigi lagt fyrir dóm án undangenginnar sáttatilaunar. Hins vegar er með frumvarpinu leitast við að lýsa með skýrum og nákvæmum hætti sáttahlutverki sýslumanna, en að mati Sýslumannafélags Íslands felur ákvæðið í sér eitt skýrasta dæmið um faglega sáttameðferð sem lýst hefur verið í íslenskum lögum. Þá telur félagið að nýting innviða sýslumannsembættanna í þessu skyni muni koma til með að hafa jákvæð áhrif á rekstur ríkissjóðs, sem og hagsmuni málsaðila.<sup>168</sup> Að þessu sögðu verður athyglisvert að sjá hvort frumvarpið nái fram að ganga á Alþingi.

---

<sup>166</sup> Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.) nr. 91/2021 5–6.

<sup>167</sup> sama heimild 28.

<sup>168</sup> Sýslumannafélag Íslands (n. 116), um 6. gr. frumvarpsins.

### **5.3.7 Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum**

Um þessar mundir eru einnig til meðferðar drög að frumvarpi til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum, en þegar þetta er skrifað er frumvarpið til vinnslu í félagsmálaráðuneytinu og hefur ekki verið lagt fram á Alþingi. Er frumvarpinu ætlað að bæta réttarstöðu og húsnæðisöryggi leigjenda með því að fyrirbyggja óeðlilegar verðhækkanir og stuðla að gerð langtímaleigusamninga, sem og að koma á skráningarskyldu leigusamninga og nýrri sáttamiðlunarleið vegna ágreinings um framkvæmd húsaleigulaga.<sup>169</sup>

Meðal annars er lagt til að komið verði á sáttamiðlun hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun en þar fengju aðilar leigusamnings aðstoð, sér að endurgjaldslausu, við að ná sáttum vegna ágreinings um fjárhæð húsaleigu, forgangsrétt leigjanda, uppsögn ótímabundins leigusamnings og gerð tímabundins leigusamnings. Er á það bent að sambærileg úrræði hafi gefið góða raun í Sviss. Yrði hlutverk stofnunarinnar bundið við að aðstoða aðila við að ná sáttum vegna framangreindra atriða, og er því ekki gert ráð fyrir að hún fengi heimild til þess að skera úr ágreiningi líkt og kærunefnd húsamála. Er markmið aðgerðanna að unnt sé að sætta sjónarmið aðila áður en ágreiningur kemst á það stig að leita þurfi bindandi úrskurðar kærunefndar húsamála, og þar með draga úr málafjölda nefndarinnar með meðfylgjandi styttingu málsmeðferðartíma.<sup>170</sup>

### **5.3.8 Aðrir lagabálkar**

Í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála er mælt fyrir um að kærunefnd jafnréttismála geti að höfðu samráði við kæranda sent mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu. Í athugasemdum við greinina í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 151/2020 er ákvæðið stutt þeim rökum að gera megj ráð fyrir því að í einhverjum tilvikum geti slík meðferð leitt til skjótari niðurstöðu án þess að rýra rétt kæranda.<sup>171</sup>

Þá ber 58. gr. f. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda titilinn *sáttamiðlun milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki*. Eigi þykir þó vera tilefni til frekari umfjöllunar um ákvæðið, enda verður ekki séð að um sé að ræða sáttamiðlun í þeirri merkingu sem hér hefur verið fjallað um þar sem í greininni kemur fram að málsmeðferðin geti leitt til bindandi ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA.

<sup>169</sup> Drög að frumvarpi til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum (skráningarskylda, langtímaleiga og hækkun leigufjárhæðar) nr. 52/2020, 3. kafli greinargerðar.

<sup>170</sup> sama heimild, 3. kafli greinargerðar.

<sup>171</sup> Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 15 - 15. mál, athugasemdir við 9. gr., mgr. 4.

## 5.4 Tækifæri til innleiðingar sáttamiðlunar á sviði einkaréttar

Ekki er loku fyrir það skotið að ákveðin vitundarvakning eigi sér stað hjá stjórnvöldum um þessar mundir líkt og frumvörp þau sem að ofan voru reifuð gefa vísbendingu um, en aukin áhersla virðist vera lögð á að aðilar leysi ágreining sinn með sáttamiðlun í stað þess að mál rati fyrir dómstóla eða kærunefndir. Telja verður slíka áherslubreytingu af hinu góða.

En betur má ef duga skal. Ef litið er til þeirra sáttaákvæða sem rakin hafa verið á sviði einkaréttar verður ekki annað séð en að framkvæmdin sé fremur ómarkviss, og að tilviljun ein ráði því hvar slík ákvæði eru að finna. Getur slík framkvæmd ekki verið vænleg til árangurs. Aftur er fróðlegt að líta til Skotlands í þessum efnum, en þar er sáttamiðlun víða að finna á sviði einkaréttar, svo sem í vinnu- og starfsmannarétti vegna deilna á milli starfsmanna og vinnuveitenda eða á milli stjórnenda, svo og í erfiðum samningaviðræðum við stéttarfélög. Í bankastarfsemi og fjármálaþjónustu er sáttamiðlun nýtt vegna ágreinings viðskiptavina og lánastofnana um lánveitingar eða endurheimt skulda. Á sviðum skaðabótaréttar og váttryggingaréttar er úrræðið meðal annars notað vegna ákvarðana um skaðabótaskyldu, sem og á sviðum nýbýlisréttar og leiguréttar, til dæmis vegna ágreinings um leigusamninga, nýtingu sameignar og notkun opinna rýma.<sup>172</sup> Svona mætti áfram telja.

Af umfjöllun þessari sést hve margir og ólíkir þeir málaflokkar eru þar sem sáttamiðlun getur komið að gagni, og ekki er ástæða til annars en að ætla að sama eigi við héraendis. Það virðist þó vera að áherslan hér sé fremur lögð á endastöð ágreiningsins í stað þess að ráðast á rót hans. Þykir því vera þörf á áherslubreytingu í þá átt að sætta mál í ríkari mæli á fyrri stigum, með þeim fjárhagslega- og samfélagslega ábata sem að hefur í för með sér.

## 5.5 Næstu skref

Ljóst er að innleiðing sáttamiðlunar í íslenskan rétt hefst ekki nema með tilstuðlan stjórnvalda. Hefur ýmsum hugmyndum verið varpað fram hvernig stjórnvöld geta aukið vægi sáttamiðlunar í réttarkerfinu, og má hér nefna fáeinar slíkar. Í fyrsta lagi þykir vera þörf á opinberri stefnumótun, en markviss og samræmd innleiðing sáttamiðlunar er forsenda þess að úrræðið taki sér markverða festu. Í annan stað má horfa til nýsköpunar í ríkisrekstri með hugmyndafræði sáttamiðlunar í forgrunni, líkt og fræðsluverkefni hvar ráðuneyti og ríkisstofnanir geta lagað úrræðið að starfsemi sinni. Í þriðja lagi hefur það verið nefnt að greina þurfi réttarstöðu sáttamiðlara og starfsumhverfi með það að augnarmiði að tryggja gæði og árangur sem best.<sup>173</sup>

---

<sup>172</sup> Sturrock (n. 46) 7.

<sup>173</sup> Svavar Pálsson (n. 146) 2.

Hér að ofan hefur verið dregin sú ályktun að takmörkuð notkun sáttamiðlunar héraðs megi að miklu leyti rekja til vanþekkingar á úrræðinu, hvort sem litið er til lögmanna, dómara eða málsaðila. Er því brýnt að auka fræðslu um úrræðið, því að öðrum kosti verður ekki séð að framþróun verði. Stórt skref í þeim efnum væri aukið vægi sáttamiðlunar við kennslu í lagadeildum háskóla landsins þar sem verðandi lögfræðingum yrði kynnt hugmynda- og aðferðafræði sáttamiðlunar. Einnig þykir þörf á að upplýsa almenning betur um þann valmöguleika að leita með ágreiningsmál í sáttamiðlun utan réttar.

Það er þó ekki einvörðungu í höndum stjórnvalda að auka vægi sáttamiðlunar við úrlausn deilumála. Mikilvægt er að lögmannsstéttin leggi sitt lóð á vogarskálina, en að mati Inga Poulsen, lögmanns og sáttamiðlara, eru vannýtt þau tækifæri lögmanna að nýta sáttamiðlun og utanaðkomandi sáttamiðlara við vinnslu mála. Bendir hann á að fjöldi danskra lögmannsstofa sé í nánú samstarfi við sáttamiðlarastofur, og þar taki lögmenn þátt í sáttamiðlunarferlinu til þess að tryggja hagsmuni umbjóðenda sinna og veita þeim ráðgjöf.<sup>174</sup> Má þess geta að Sátt, félag um sáttamiðlun hafur staðið að fræðslu, ráðstefnum og námskeiðum um úrræðið á undanförunum árum,<sup>175</sup> auk þess sem Sáttamiðlunarskólinn býður upp á nám í sáttamiðlun fyrir þá sem hyggjast starfa sem sáttamiðlarar eða nýta sáttamiðlun í starfi sínu.<sup>176</sup> Ljóst er því að lögmönnum stendur svo sannarlega til boða að afla sér þekkingar á þessum vettvangi.

## 6 Niðurstöður

Vægi sáttamiðlunar við úrlausn ágreiningsmála fer með degi hverjum vaxandi á alþjóðavísu, og er úrræðinu víða beitt innan stjórnsýslu, fyrir dómstólum sem og utan réttar. Hefur fjöldi ríkja tekið sáttamiðlun upp á sína arma, jafnframt sem alþjóðastofnanir og Evrópusambandið horfa í auknum mæli til úrræðisins þegar ágreiningsmál eru annars vegar. Sýnt hefur verið fram á gæði og gagnsemi sáttamiðlunar svo ekki verður um villst, og má þar sérstaklega vísa til áhrifa tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/52/EC.

Markmið þessara skrifna var í fyrsta lagi að gera grein fyrir stöðu sáttamiðlunar héraðs í alþjóðlegum samanburði, og var því velt upp hvort Ísland sé eftirbátur þeirra ríkja sem við lítum gjarnan til í alþjóðlegum samanburði hvað notkun úrræðisins varðar. Ef litið er til þróunar sáttamiðlunar á alþjóðavettvangi má sjá að víða er hún í sífelldum vexti. Utan Evrópu má nefna

---

<sup>174</sup> Ingi Poulsen (n. 30) 24.

<sup>175</sup> „Um Félagið“ (*Sátt, félag um sáttamiðlun*) <<https://www.satt.is>> skoðað 22. apríl 2021.

<sup>176</sup> „Um Okkur“ (*Sáttamiðlaraskólinn*) <[https://sattamidlaraskolinn.is/?page\\_id=415](https://sattamidlaraskolinn.is/?page_id=415)> skoðað 22. apríl 2021.



ríki á borð við Ástralíu, Bandaríkin og Kanada sem framarlega standa hvað notkun sáttamiðlunar varðar. Innan Evrópu hafa Austurríki, Holland, Þýskaland og Skotland tekið stór skref í innleiðingu sáttamiðlunar, en listinn er langt því frá að vera tæmandi talinn. Norðurlöndin eru þar eigi undanskilin, en þar hefur úrræðið skotið niður traustum rótum, ýmist í formi laga, á sviði dómstóla en ekki síst utan réttar. Þykja Norðmenn þó standa öðrum Norðurlandþjóðum framar.

Ef litið er til framkvæmdarinnar héraendis virðist þó ekki vera sömu sögu að segja. Bent var á að sættir ættu sér langa sögu í íslensku réttarfari, en meðal annars höfðu hinar fornu lögbækur Grágás, Jónsbók og Járnsíða allar að geyma ákvæði um sáttameðferð og sáttagjörðir. Þá var og rakin saga sáttanefnda sem starfræktar voru héraendis um langa hríð. Allt að einu virðist sáttamiðlun vera lítill gaumur gefinn við meðferð einkamála nú til dags, og má það að miklu leyti rekja til vanþekkingar á úrræðinu. Ekki virðist notkun sáttamiðlunar við meðferð sakamála vera meiri, þrátt fyrir hinar ýmsu aðgerðir sem ráðist hefur verið í. Þá þykir ekki unnt að segja að sáttamiðlun sé gert hátt undir höfði í íslenskri löggjöf. Á sviði opinbers réttar er einvörðungu gert ráð fyrir notkun sáttamiðlunar í XV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og b-lið 3. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Á sviði einkaréttar eru ákvæðin nokkuð fleiri, og ber þar sérstaklega að nefna 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 sem kveður á um skyldubundna sáttameðferð. Engu að síður þykir ljóst að ekki er markvissri stefnu fyrir að fara. Af ofangreindu verður því sú niðurstaða leidd að þróun sáttamiðlunar héraendis er skammt á veg komin í alþjóðlegum samanburði, og að óhætt sé að líta á Ísland sem eftirbát þeirra ríkja sem við kjósum gjarnan að bera okkur saman við.

Markmið þessara skrifa var í öðru lagi að leiða fram hugmyndir að úrbótum í því skyni að auka vægi sáttamiðlunar héraendis. Ljóst þykir að sóknarfærin eru fjölþætt, bæði á sviði opinbers réttar sem og einkaréttar. Ekki verður þó slíkum breytingum einungis náð fram með lagasetningu, heldur þykir og vera þörf á aukinni fræðslu um úrræðið, nýsköpun í ríkisrekstri og vitundarvakningu innan lögmannsstéttarinnar. Líkt og áður segir eru þó ýmis jákvæð teikn á lofti héraendis. Má þar til dæmis vísa þau frumvarpsdrög sem reifuð voru í kafla 5.3 auk þess sem umboðsmanni borgarbúa hefur verið falið að kanna fýsileika þess að við úrlausn ágreiningsefna hjá Reykjavíkurborg verði sáttamiðlun gerð að meginreglu.<sup>177</sup> Fróðlegt verður því að sjá hvort þessar breytingar nái fram að ganga.

Ljóst er að verkefni stjórnvalda er ærið, en mikilvægt er að hafa hugfast að Róm var ekki byggð á einum degi. Horfa þarf til lengri tíma með það að markmiði að sáttamiðlun verði

---

<sup>177</sup> Umboðsmaður borgarbúa (n. 25) 3.

varanlegur hluti íslensks réttarkerfis líkt og hjá öðrum Norðurlandþjóðum. Forsendur þess að úrræðið nái fótfestu hér á landi eru að stoðir sáttamiðlunar verði styrktar með bætту regluverki, og skýr stefnumótun stjórnvalda um markvissa innleiðingu úrræðisins. Yrði niðurstaða slíkrar vinnu þroskaðra réttarkerfi í takti við alþjóðlega þróun sem leiða myndi til samfélagslegs- og fjárhagslegs ávinnings. Er það von höfundar að sáttamiðlun verði veitt meira vægi við úrlausn ágreiningsmála á komandi árum, hvort sem er innan íslenskrar stjórnsýslu, réttarkerfis eða utan réttar. Það eitt getur þó tíminn leitt í ljós.

## Heimildaskrá

„180 Specialister i Mediation“ (*Mediatoradvokater*) <<https://mediatoradvokater.dk/>> skoðað 3. apríl 2021

Alfini JJ o.fl., *Mediation Theory and Practice* (2. útg., LexisNexis 2006)

„Alternative Dispute Resolution“ (*LII / Legal Information Institute*) <[https://www.law.cornell.edu/wex/alternative\\_dispute\\_resolution](https://www.law.cornell.edu/wex/alternative_dispute_resolution)> skoðað 2. febrúar 2021

„Alternative Dispute Resolution at the Department of Justice“ (*The United States Department of Justice*, 24. júlí 2020) <<https://www.justice.gov/archives/olp/alternative-dispute-resolution-department-justice>> skoðað 26. apríl 2021

„Áhrif sáttameðferðar í forsjármálum sbr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003“ (Innanríkisráðuneyti júlí 2016) <[https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/sattamedferd\\_lokaskyrsla-a-vefinn.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/sattamedferd_lokaskyrsla-a-vefinn.pdf)> skoðað 13. apríl 2021

Dagný Rut Haraldsdóttir, „Sáttamiðlun í sakamálum“ (ML ritgerð, Háskólinn á Akureyri 2009) <[https://skemman.is/bitstream/1946/3071/1/Sattamidlun\\_i\\_sakamalum\\_fixed%5b1%5d.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/3071/1/Sattamidlun_i_sakamalum_fixed%5b1%5d.pdf)> skoðað 31. janúar 2021

Dómstólasýslan, „Ársskýrsla 2019“ (Dómstólasýslan 2020)

Dr. jur. Páll Hreinsson, *Skýrsla um sjálfstæðar stjórnsýslunefndir* (Forsætisráðuneyti 2019)

Eftirlitsnefnd með tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum, „Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum - stöðuskýrsla til dómsmálaráðherra“ (Dómsmálaráðuneytið desember 2007) <[https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Stoduskyrsla\\_sattamidlun.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Stoduskyrsla_sattamidlun.pdf)> skoðað 1. febrúar 2021

Ervasti K, „Past, Present and Future of Mediation in Nordic Countries“ í Anna Nylund, Kaijus Ervasti og Lin Adrian (ritstj.), *Nordic Mediation Research* (Springer International Publishing 2018) <[https://doi.org/10.1007/978-3-319-73019-6\\_12](https://doi.org/10.1007/978-3-319-73019-6_12)>

Eva Margrét Kristinsdóttir, „Betri er mögur sátt en feitur dómur, sáttamiðlun til lausnar ágreiningi“ (ML ritgerð, Háskólinn í Reykjavík 2012) <[https://skemman.is/bitstream/1946/12382/1/Betri\\_er\\_mogur\\_satt\\_en\\_feitur\\_domur\\_sattamidlun\\_til\\_lausnar\\_agreiningi.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/12382/1/Betri_er_mogur_satt_en_feitur_domur_sattamidlun_til_lausnar_agreiningi.pdf)> skoðað 17. febrúar 2021

„Finlands Forum för Medling (FFM)“ (*Suomen Sovittelufoorumi SSF*) <<https://sovittelu.com/pa-svenska/>> skoðað 17. mars 2021

Fiss OM, „Against Settlement“ (1984) 93 *The Yale Law Journal* 1073

Forliksrådet i Oslo, „Uttalelse om ny domstollov- Forliksrådet i Oslo“ (30. september 2016) <[https://www.regjeringen.no/contentassets/29d41a960e6744bdb618fef0ab081513/forlikrade\\_toslo.pdf?uid=Forlikr%C3%A5det\\_i\\_Oslo](https://www.regjeringen.no/contentassets/29d41a960e6744bdb618fef0ab081513/forlikrade_toslo.pdf?uid=Forlikr%C3%A5det_i_Oslo)> skoðað 15. apríl 2021

Goodman A, *Mediation Advocacy* (2. útg., Nova Law and Finance Ltd 2010)

- Helgi I. Jónsson, „Reynslan af sáttamiðlun í einkamálum“ (2009) 15 (3) Lögmannablaðið 26
- Hrafnhildur Valdimarsdóttir, „Uppbyggileg réttvísi“ (ML ritgerð, Háskólinn á Bifröst 2011) <[https://skemman.is/bitstream/1946/13448/1/Hrafnhildur\\_Valdimarsdottir\\_lokaritgerdhaust2011.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/13448/1/Hrafnhildur_Valdimarsdottir_lokaritgerdhaust2011.pdf)> skoðað 31. janúar 2021
- Ingi Poulsen, „Sáttamiðlun – vannýtt verkfæri lögmannanna?“ (2021) 27 (1) Lögmannablaðið 22
- Justice Committee, „I won't see you in court: alternative dispute resolution in Scotland“ (The Scottish Parliament 10. janúar 2018)
- „Konstruktiv Konfliktløsning Udenom Retten– Hurtigt, Effektivt Og i Full Fortrolighed“ (*Mediationsinstituttet*) <<https://mediationsinstituttet.dk/>> skoðað 3. apríl 2021
- Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir, *Einkamálaréttarfar* (4. útg., Úlfjótur 2019)
- Martin EA og Law J, *A Dictionary of Law* (Oxford University Press 2002)
- McFadden D, „How mediation is developing in Asia“ (CEDR Asia Pacific) <<http://www.cedr-asia-pacific.com/cedr/uploads/articles/pdf/ARTICLE-20120116100514.pdf>> skoðað 24. apríl 2021
- „Mediation in Member States - Denmark“ (*European e-Justice Portal*, 13. ágúst 2019) <[https://e-justice.europa.eu/content\\_mediation\\_in\\_member\\_states-64-dk-en.do?member=1](https://e-justice.europa.eu/content_mediation_in_member_states-64-dk-en.do?member=1)> skoðað 31. mars 2021
- „National transposition measures communicated by the Member States concerning: Directive 2008/52/EC of the European Parliament and of the Council of 21 May 2008“ (*EUR-Lex*) <<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/SV/NIM/?uri=CELEX:32008L0052>> skoðað 10. mars 2021
- „National transposition measures communicated by the Member States concerning: Directive 2013/11/EU of the European Parliament and of the Council of 21 May 2013“ (*EUR-Lex*) <<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/NIM/?uri=celex:32013L0011>> skoðað 21. apríl 2021
- Nylund A, „The Many Ways of Civil Mediation in Norway“ í Anna Nylund og Laura Ervo (ritstj.), *The Future of Civil Litigation: Access to Courts and Court-annexed Mediation in the Nordic Countries* (Springer 2014)
- „Om konfliktrådet“ (*Konfliktrådet*) <<https://www.konfliktraadet.no/om-konfliktraadet.311335.no.html>> skoðað 9. mars 2021
- „Om os“ (*Center for Konfliktløsning*) <<https://konfliktloesning.dk/engelsk/>> skoðað 31. mars 2021
- Páll Sigurðsson, „Sáttanefndir - aflagt réttarfarsúrræði“, *Lagaþankar* (Lagastofnun Háskóla Íslands 2016)

„'Rebooting' the Mediation Directive: Assessing the Limited Impact of Its Implementation and Proposing Measures to Increase the Number of Mediations in the EU“ (European Parliament janúar 2014)

„Rettsmekling“ (*Norges Domstoler*) <<https://www.domstol.no/sivil-sak/sakstyper/rettsmekling/>> skoðað 15. apríl 2021

„Sáttamiðlun“ (*Sátt*) <<https://www.satt.is/sattamidlun>> skoðað 1. febrúar 2021

„Sáttamiðlun allt of sjaldan notuð í sakamálum á Íslandi“ (*Fréttablaðið*, 23. nóvember 2019) <<https://www.frettabladid.is/frettir/sattamidlun-allt-sjaldan-notud-i-sakamalum-islandi/>> skoðað 31. janúar 2021

„Sáttaumleitun sýslumanna í einkamálum“ (*Sýslumenn*) <<https://www.syslumenn.is/thjonusta/onnur-thjonusta/sattaumleitun/>> skoðað 1. mars 2021

Sekretariatet for konfliktrådene, „Årsrapport for 2019“ (Konfliktrådet 14. febrúar 2020) <<https://www.konfliktraadet.no/getfile.php/4683565.2268.lwlitpzbutjtbt/%C3%85rsrapport+for+2019+fra+Sekretariatet+for+konfliktr%C3%A5dene++-+korrigeret+27.4.2020.pdf>> skoðað 15. apríl 2021

Símon Sigvaldason, „Sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum“ (2007) 13 (4) *Lögmannaþingið* 20

„Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (Dómsmálaráðuneytið 21. apríl 2004) <[https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Nyjar\\_leidir\\_vegna\\_afbrota\\_ungmenna.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Nyjar_leidir_vegna_afbrota_ungmenna.pdf)> skoðað 2. febrúar 2021

Starfshópur dómsmálaráðherra, „Tillögur starfshóps dómsmálaráðherra til aðgerða sem stytta eiga boðunarlista til afplánunar refsinga“ (Dómsmálaráðuneytið júní 2020) <<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Domsmalaraduneytid/Till%C3%B6gur%20starfsh%C3%B3ps%20d%C3%B3msm%C3%A1lar%C3%A1%C3%B0herra%20til%20a%C3%B0ger%C3%B0a%20sem%20stytta%20eiga%20bo%C3%B0unarlista%20til%20afpl%C3%A1nunar%20refsinga.pdf?fbclid=IwAR2ZUY3IK9UZReJsH6P53lf61YgSf8vlnXvEY-wYwamYUrlXMdH0FcPU-3s>> skoðað 1. febrúar 2021

Steffek F og Hopt KJ, *Mediation: Principles and Regulation in Comparative Perspective* (1. útg., Oxford University Press 2012)

Sturrock J, „Making better use of mediation to resolve disputes and manage difficult issues“, *Justice Matters: Essays on Improving Scotland's Justice System* <<http://www.scottishconservatives.com/wordpress/wp-content/uploads/2015/01/Justice-Matters-Final.pdf>> skoðað 21. apríl 2021

Svavar Pálsson, „Minnisblað: Sáttamiðlun – Nýsköpun og umbótahugmyndir“ (Samráðsgátt 2. apríl 2019) <[https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=8ff3929c-7355-e911-9451-005056850474](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=8ff3929c-7355-e911-9451-005056850474)> skoðað 2. maí 2021

— —, *Sáttamiðlun: Hvað getum við lært af öðrum þjóðum?* (Sátt, félag um sáttamiðlun 2020)

Sýslumannafélag Íslands, „Umsögn Sýslumannafélags Íslands um mál nr. 91/2021 í samráðsgátt stjórnvalda“

„Um Félagið“ (*Sátt, félag um sáttamiðlun*) <<https://www.satt.is>> skoðað 22. apríl 2021

„Um Okkur“ (*Sáttamiðlaraskólinn*) <[https://sattamidlaraskolinn.is/?page\\_id=415](https://sattamidlaraskolinn.is/?page_id=415)> skoðað 22. apríl 2021

Umboðsmaður borgarbúa, „Skýrsla umboðsmanns borgarbúa um fýsileika þess að innleiða sáttamiðlun sem meginreglu við úrlausn ágreiningsmála hjá Reykjavíkurborg“ (Umboðsmaður borgarbúa 5. apríl 2021)

„Útgáfa og fræðsla: Tölfræðiupplýsingar: 2015“ (*Héraðsdómstólar*) <<https://www.heradsdomstolar.is/tolfraedi/>> skoðað 15. apríl 2021

Vicuña FO, „Mediation“ (*Oxford Public International Law*) <<https://opil.oup.com/view/10.1093/law:epil/9780199231690/law-9780199231690-e61?prd=MPIL>> skoðað 23. febrúar 2021

Vučetić D, „Is Mediation Viable in Administrative Matters?“ (2016) 14 (4) *Law and Politics* 495

„What Is Mediation?“ (*WIPO - World Intellectual Property Organization*) <<https://www.wipo.int/amc/en/mediation/what-meditation.html>> skoðað 21. febrúar 2021